# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

306. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 29. DESEMBER 2016




**Safnað í brennu** Þessi duglegi maður var að hlaða bálköst á Geirsnefi í Reykjavíkurborg þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Alls eru tíu áramótabrennur í borginni í ár og eru þær við Ægisíðu, í Skerjafirði, Suðurhlíðum, Laugardal, Suðurfelli, við Rauðavatn, í Gufunesi, Klébergi, Úlfarsfelli og á fyrrnefndu Geirsnefi. Víða annars staðar á landinu eru nú hlaðnar brennur svo að flestir ættu að gefa fundið eina slíka ef veður leyfir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Gunnar Alexander Ólafsson skrifar um lífeyrisréttindi. 13

**SPORT** Íþróttaárið 2016 var viðburðaríkt. 18-19

**MENNING** Sigríður Jónsdóttir gagnrýnandi rýnir í sýningu Þjóðleikhússins á Óþelló. 26

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● ÁRAMÓT ● FLUGELDAR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015












## Bjarni liggur undir feldi

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkur, Viðreisn og Björt framtíð reyna nú að ná málamiðlun varðandi stjórnarskrá, fiskveiðar og Evrópusambandið. Þessi þrjú mál standa enn út af borðinu og hafa lítið hreyfst áfram frá síðustu viðræðum.

Leiðtogar flokkanna hafa farið með veggjum en þeir funduðu á þriðjudag. Þar lögðu þeir Benedikt Jóhannesson og Óttarr Proppé fram ákveðnar tillögur fyrir Bjarna Benediktsson samkvæmt heimildum fréttastofu og bíða þeir enn viðbragða við þeim eftir því sem fréttastofan kemst næst. – sa / sjá síðu 4

## Engin sorg að slá síðasta tóninn

**TÓNLIST** Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngvari hljómsveitarinnar Retro Stefson, segir engin sorg sé yfir því að hljómsveitin sé að hætta. „Maður er bara feginn að hætta á meðan það er enn þá gaman að spila. Maður á ekkert að vera að gera neitt of lengi finnst mér, við eigum sko 11 ára afmæli eftir mánuð,“ segir Unnsteinn en hljómsveitin heldur lokatónleika á morgun. Hljómsveitin hefur spilað í 26 löndum á sínum 11 starfsárum. – gha

# Sjúkravél Mýflugs gat ekki lent í Reykjavík

**Ekki var hægt að fljúga sjúkraflug með alvarlegan veikan mann frá Hornafirði til Reykjavíkur í gær vegna þess að allar brautir nema NA/SV flugbraut Reykjavíkurflugvallar voru ófærar vegna veðurs. Brautinni var lokað í júlí síðastliðnum.**

**SAMGÖNGUR** Alvarlega veikur maður á Hornafirði komst ekki á Landspítalann í Reykjavík í gær til þess að fá umönnun. Allar flugbrautir í Reykjavík og Keflavík voru lokaðar vegna veðurs og var þess í stað flogið með sjúklinginn til Akureyrar.

„Það fólk sem ber ábyrgð á þessari skerðingu Reykjavíkurflugvallar lætur sig ekkert muna um að storka örlögum annarra. Við flugum þessum sjúklingi til Akureyrar þar sem hann fær vonandi fullnægjandi umönnun en þó er ljóst að hann hefði þurft að komast til LSH í Reykjavík. Útkallið var í fyrsta forgangi,“ skrifar Þorkell Ásgeir Jóhannsson, flugmaður hjá Mýflugi, á Facebook.

Hann bætir því við að þurft hefði að nota NA/SV flugbrautina, svokallaða neyðarbraut, vegna veðursins. Þá hefði verið hægt að lenda á vellinum. Þeirri braut var lokað í júlí í sumar.



**Matthías Sveinbjörnsson** forseti Flugmálafélags Íslands

Flugmálafélag Íslands (FMÍ) gagnrýndi stöðu mála á Reykjavíkurflugvelli í yfirlýsingu í gær en völlurinn var með öllu ófær. „Aðeins stjórnmálamenn standa í vegi fyrir lendingum á brautinni,“ segir í yfirlýsingunni.

Í samtali við Fréttablaðið segir Matthías Sveinbjörnsson, forseti FMÍ, að nú fyrst séu erfiðar lægðir að koma yfir landið og þeim fylgi erfiðar flugaðstæður.

„Það sem okkur gremst er að það var bent á það margoft að þessar aðstæður myndu koma upp og þær myndu hafa þessar afleiðingar í för með sér,“ segir Matthías og bætir því við að ekki sé hægt að bíða óveðrið af sér þar sem það geti staðið yfir í mjög langan tíma.

„Það er mjög sérkennilegt að horfa upp á það að brautin sé þarna og það sé ekkert búið að byggja upp í aðflugið þannig að það hindri eða valdi einhverri hættu fyrir flug. Það eina sem vantar er að Isavia moki brautina og haldi henni við,“ segir Matthías.

FMÍ skorar á nýtt þing að opna brautina. „Innanríkisráðuneytið mun að öllum líkindum ekki gera þetta vegna þess að þau sitja undir þessum dómi Hæstaréttar. Borgin reynir að ná sínu fram og þá er bara Alþingi eftir sem getur með einhverjum hætti hlutast til um þetta mál og gripið inn í þessa atburðarás,“ segir Matthías. – þea

## Veður




Sunnan hvassviðri eða stormur með úrkomu víða um land, fyrst snjókomu á sunnanverðu landinu en síðan slyddu og rigningu á vestanverðu landinu. Þá hvessir mikið í kringum Tröllaskaga um hádegi, allt að 25 m/s þar yfir hádeginn.
SJÁ SÍÐU 24

# Snjókarl reis í miðbænum



Eftir að mikil rigning aðfaranótt þriðjudagsins losaði íbúa Reykjavíkur við snjóinn sem kyngt hafði niður tók snjókoma við í fyrrinótt. Var því höfuðborgin þakin snjó þegar flestir vöknuðu í gær. Það gladdi eflaust margan. Þessi nýttu tækifærið og tóku mynd af snjókarli sem þau gerðu kannski sjálf. Rigningu og allt að fjögurra stiga hita er spáð í borginni á morgun og verður svipað veður víða um land. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hjartagátt LSH yfirfull

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það var mjög mikið að gera í gær eftir jólahátíðina og Hjartagáttin full. Í nokkrum tilvikum hafa einstaklingar farið óvarlega í saltan mat og þá fengið hjartabilun en einnig erum við að sjá alls kyns tilfelli núna eftir jólin,“ segir Karl Andersen, yfirlæknir á Hjartagátt Landspítalans.

Hjartagáttin tekur við einstaklingum með hjartabilun eða ef grunur leikur á að um hjartatengda sjúkdóma sé að ræða. Karl segir að yfir sjálfa hátíðardagana, aðfangadag og jóladag, fækki tilfellum til muna. Hins vegar hafi mikið verið að gera bæði fyrir jólin og í gær.

> Þá voru að koma inn tilfelli sem má rekja til streitu og kvíða og spennueinkenna. Það leiðir af sér hjartsláttartruflanir og vanlíðan.



Karl Andersen, yfirlæknir á Hjartagátt Landspítalans

„Við sáum mikla aukningu fyrir jólin. Þá voru að koma inn tilfelli sem má rekja til streitu og kvíða og spennueinkenna. Það leiðir af sér hjartsláttartruflanir og vanlíðan. Hjartatruflanir af því tagi má tengja stressi vegna jólahátíðarinnar,“ segir Karl. „Nú erum við að fá tilfelli af ýmsum toga inn til okkar, til að mynda tvær bráðakransæðaaðgerðir í nótt og einnig hafa tilfelli komið inn vegna seltu í mat.“

Að mati Karls eiga einstaklingar með undirliggjandi hjartveiki að forðast saltan mat. Þótt matur sé ekki eins saltur og hann var getur vökvasöfnunin vegna saltneyslu skapað erfiðleika fyrir hjartað sem vöðvinn ræður ekki við. Að öðru leyti telur Karl saltneysluna ekki vera mikið vandamál fyrir íslenskan almenning. **– sa**

# Vilja ógildingu leyfa Arnarlax

**DÓMSMÁL** Málsóknarfélagið Náttúruvernd 1 hefur birt Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og Arnarlaxi hf. stefnu þar sem þess er krafist að rekstrar- og starfsleyfi vegna sjókvíaeldis á norskættuðum laxi í Arnarfirði verði ógilt. Leyfin voru gefin út fyrr á þessu ári.

Náttúruvernd 1 telur réttra aðferða ekki hafa verið gætt við útgáfu leyfanna og að starfsemin fari gegn náttúruverndarlögum og lögum um fiskeldi. Þá er reksturinn sagður fara í bága við einkaréttarlega hagsmuni þeirra sem að málssóknarfélaginu standa.

„Að Náttúruvernd 1 standa aðilar með hagsmuni sem stafar hætta af þessu sjókvíaeldi á laxi, meðal annars eigendur veiðiréttinda í lax- og silungsveiðiám, bæði í næstu nálægð við stöðina en einnig fjær,“ segir í fréttatilkynningu frá málsóknarfélaginu sem birt var í gær. **– þea**

# Dauðadæmdir meðan ekki fæst ferskur fiskur

Verkfall sjómanna og vonskuveður á miðum hefur haft þær afleiðingar að lítill sem enginn fiskur er til sölu á fiskmörkuðum. Eigandi veitingastaðar segist frekar ætla að loka en að bjóða upp á frosinn fisk. Slæm veðurspá í kortunum.

**SJÁVARÚTVEGUR** „Ég loka frekar staðnum en að bjóða upp á frosinn fisk,“ segir Jón Mýrdal, eigandi veitingastaðarins Messans í miðbæ Reykjavíkur. Verkfall sjómanna og vonskuveður síðustu daga hefur haft þau áhrif að lítið sem ekkert framboð er af fiski á markaði.

„Þetta hefur verið í lagi hjá okkur á Messanum undanfarna daga en það var þungt í gær og við neyddumst til að breyta matseðlinum hjá okkur,“ segir Jón en hann sendi út auglýsingu í gær á Facebook þar sem hann leitaði til sjómanna eftir ferskum fiski. „Við erum dauðadæmdir ef það er ekki til fiskur. Haldi áfram að vera bræla þarf ég að leita annarra leiða en að auglýsa á Facebook, þá reyni ég kannski að keyra á milli hafna til þess að finna ferskan fisk,“ segir Jón.



Þungt hljóð er í þeim veitingamönnum sem Fréttablaðið leitaði til vegna fiskskorts. Línu- og smábátar hafa lítið getað róið vegna veðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Erna Kaaber, eigandi Fish and Chips í Reykjavík, segir ástandið vera erfitt. „Veðurspáin í dag er slæm og þetta lítur ekki vel út. Ef þetta heldur svona áfram næstu daga gætum við neyðst til að kaupa frosinn fisk en við vonum það besta,“ segir Erna.

Línu- og smábátar sjá flestum fiskverslunum og veitingastöðum fyrir fiskmeti en þeir hafa lítið getað farið til veiða í vikunni vegna veðurs. „Það væri eitthvert framboð ef hægt væri að fara út á sjó. Sjómenn línu- og smábáta vita að þeir fá hærra verð þessa dagana vegna verkfallsins og þeir færu allir á sjó ef veður leyfði,“ segir Eyjólfur Þór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Reiknistofu fiskmarkaða.

Aðeins voru 2,4 tonn af ferskum fiski til sölu á uppboðum fiskmarkaða í gær og seldust þau upp á örfáum mínútum. Verð á óslægðri ýsu og þorski á fiskmörkuðum hefur ekki verið hærra á árinu og síðan verkfallið hófst hefur kílóverðið á þorski hækkað um rúmar 170 krónur og á ýsu um 160 krónur. Eyjólfur segir almennt mikla eftirspurn eftir fiski eftir jólin því fólk vilji hvíla sig aðeins á kjötáti. Hann býst við að verðið haldist hátt í næstu viku en vonar að kjaradeila sjómanna leysist sem fyrst.

„Það þarf að borga sjómönnum almennileg laun og leysa þessa kjaradeilu, þeir eiga þau skilið,“ segir Jón sem starfaði áður sem sjómaður.

Sjómannaforystan og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi munu funda næst 5. janúar hjá ríkissáttasemjara.

thorgeirh@frettabladid.is

### Verðþróun á kílói af óslægðum þorski og ýsu á uppboðum fiskmarkaða




LYFJA – Lífið heil

Lægra verð í Lyfju

lyfja.is

Áramótatilboð

15% afsláttur af 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi

● Allar bragðtegundir
● 2 mg og 4 mg





Gildir til 21. jan 2017




**Metár hjá Brimborg**. Við fögnum 3.000 bíla metári og 38% söluaukningu hjá Brimborg og bjóðum þér í gæðakaffi frá Kaffitári á tveimur stöðum, Bíldshöfða 6 (Ford og Volvo) og Bíldshöfða 8 (Mazda, Citroën og Peugeot) dagana 29. og 30. desember frá 12-17. Takk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða og við óskum þér og þínum farsældar á nýju ári.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

VOLVO | Ford | mazda | CITROËN | PEUGEOT

# Vegaþjónusta í lágmarki yfir áramót þrátt fyrir aukna umferð

**SAMGÖNGUR** Umferð á vegum á Suðurlandi yfir hátíðirnar hefur tvö- til þrefaldast á tveggja ára tímabili. Aukningu má að mestu leyti rekja til fjölgunar ferðamanna. Þrátt fyrir það verður þjónusta við vegi á þessum tíma í lágmarki.

Mælingar Vegagerðarinnar sýna að þrefalt fleiri heimsóttu Gullfoss á aðfangadag og jóladag í ár en árið 2014. Umferð um Lyngdalsheiði og Reynisfjall nú var um tvöföld samanborið við sama ár. Fjölgun ferðamanna ein og sér á þessu ári er áætluð svipuð og fjöldi allra ferðamanna sem komu til Íslands árið 2011.

„Það verður hefðbundin hátíðardagaþjónusta um áramótin víðast hvar,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.



Mest verður þjónustan á vegum á suðvesturhorninu í kringum höfuðborgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á gamlársdag er miðað við að þjónustu ljúki klukkan 14 en standi svo á verður þjónustu sinnt rúmri klukkustund lengur. Þjónusta á nýársdag verður í lágmarki en víðast hvar er miðað við að hún hefjist klukkan 10 og verði að hámarki fimm klukkustundir.

Undantekningu frá þessari meginreglu er að finna á vegum suðvesturhornsins út frá höfuðborgarsvæðinu.

„Hér á landi erum við vön því að fólk sé komið heim til sín fyrir klukkan sex á aðfangadag en það gildir ekki endilega um ferðamenn,“ segir G. Pétur. Vegagerðin miðar við þær snjómokstursreglur sem hafa gilt að undanförnu og Pétur viðurkennir að mögulega sé tímabært að íhuga að endurskoða þær í takt við aukinn umferðarþunga. Markmiðið sé hins vegar alltaf að halda sig innan ramma fjárveitinga.

„Síðustu tvo vetur hefur verið halli þar sem þeir hafa verið óvenju harðir. Snjór hefur fallið snemma að hausti og verið langt fram á vor. Haustið í ár hefur hjálpað okkur hingað til,“ segir G. Pétur.

Annan daginn í röð var vegurinn um Holtavörðuheiði lokaður og sömu sögu var að segja af Bröttubrekku, Þröskuldum, Þverárfjalli og Steingrímsfjarðarheiði. Innanlandsflug lá niðri bróðurpart gærdagsins og Baldur og Herjólfur gátu ekki siglt. – jóe

## Bótasvindlari sækir um sendiherrastöðu

**SVÍÞJÓÐ** Fyrrverandi formaður sænska jafnaðarmannaflokksins, Håkan Juholt, hefur sótt um stöðu sendiherra Svíþjóðar á Íslandi. Þetta staðfestir Juholt í viðtali við sænska blaðið Expressen. Sendiherraskipti fara fram í september á næsta ári.



**Håkan Juholt,** fyrrverandi flokksleiðtogi sænskra jafnaðarmanna

Håkan Juholt var flokksleiðtogi frá 2011 til 2012 þegar hann sagði af sér í kjölfar fjölda áskorana, að því er greint er frá á fréttavef Dagens Nyheter.

Hann sætti gagnrýni bæði utan flokks og innan, ekki síst þegar afhjúpað var að hann hefði um fjögurra ára skeið fengið fullar húsaleigubætur frá sænska þinginu vegna búsetu í Stokkhólmi. Juholt átti hins vegar aðeins rétt á hálfum bótum þar sem hann bjó ekki einn í Stokkhólmi, heldur með sambýliskonu sinni. Juholt sagði af sér þegar margir háttsettir flokksmenn neituðu að lýsa yfir trausti á honum.

Flokksleiðtoginn fyrrverandi, sem lét af þingmennsku fyrr á þessu ári, er sagður hafa endurgreitt þinginu 160 þúsund sænskar krónur. – ibs

### LEIÐRÉTTING

*Í frétt blaðsins í gær um vegakerfi landsins var sagt að Vegagerðin hefði fengið 24 milljarða á fjárlögum sem er rangt. Hið rétta er að fjárlaganefnd og þingið samþykktu hærri fjárveitingar til Vegagerðarinnar. Heildargjöld í fjárlögum verða tæpir 29 milljarðar fyrir árið 2017. Beðist er velvirðingar á mistökunum.*

# Laun endurspegla kynjaðan vinnumarkað út um allt land

**Laun kvenna eru að meðaltali um tveir þriðju af launum karla. Mestur er launamunurinn á Austurlandi en þar eru greidd hæstu launin. Fjarðaál og sterk sjávarútvegsfyrirtæki borga vel. Konur eru líklegri til að vinna hlutastörf og við umönnun sem eru illa launuð störf. Konur fá lægstu launin á Suðurlandi.**

**VINNUMARKAÐUR** „Þarna kristallast atvinnustefna stjórnvalda síðustu ár og áratugi þar sem hið opinbera hefur fjárfest mikið í karllægum störfum á landsbyggðinni,“ segir Kristín Ástgeirsdóttir jafnréttisstýra en laun kvenna voru frá 52 til 69 prósent af launum karla á síðasta ári samkvæmt greiningu ríkisskattstjóra.

Mestur var munurinn á Austurlandi, þar sem konur voru rétt með um helming af launum karla, en minnstur var munurinn á höfuðborgarsvæðinu, þar sem laun kvenna voru tæplega 70 prósent af launum karla. „Í þessum gögnum sjáum við einnig að konur eru þá líklegri til hlutastarfa og vinna störf sem gefa þeim minni laun en karlar, eins og umönnunarstörf til að mynda.“

Þrátt fyrir að munur á launum kynjanna sé mestur á Austurlandi eru laun kvenna í landshlutanum næsthæst ef mið er tekið af þessari gömlu svæðaskiptingu. Aðeins á höfuðborgarsvæðinu eru laun kvenna hærri. Hins vegar skera laun karla sig úr á Austurlandi og eru langhæst þar.

Hafa ber í huga að greining ríkisskattstjóra nær til allra framteljenda á landinu óháð bakgrunni þeirra, svo sem hvort um nema sé að ræða hlutastarfsmenn að einhverju leyti.




> Það að konur séu með þetta lægri laun en karlar segir okkur svo mikið um stöðuna sem nú er og hvað við erum í raun komin stutt á leið með jafnréttið.



Kristín Ástgeirsdóttir, jafnréttisstýra

**5,3**
**milljónir eru meðaltekjur karlmanna á Austurlandi.**

„Það að konur séu með þetta lægri laun en karlar segir okkur svo mikið um stöðuna sem nú er og hvað við erum í raun komin stutt á leið með jafnréttið. Kynskiptur vinnumarkaður er ekki af hinu góða og við þurfum að rétta og jafna hlut kvenna á íslenskum vinnumarkaði,“ segir Kristín.

Laun karla eru frá fjórum milljónum á ári upp í allt að 4,6 milljónir króna á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar sker Austurland sig úr hvað laun karla snertir en meðaltekjur karlmanna á Austurlandi eru rúmlega 5,3 milljónir króna á ári. Uppbygging stóriðju í Fjarðabyggð auk sterkra sjávarútvegsfyrirtækja hefur þar eitthvað að segja og karlar líklegri til að sækja í þau störf en konur. sveinn@frettabladid.is




# Viljinn til sátta meiri nú en áður

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkur, Viðreisn og Björt framtíð reyna nú að ná málamiðlun varðandi stjórnarskrá, fiskveiðar og Evrópusambandið. Þessi þrjú mál standa enn út af borðinu og hafa lítið hreyfst áfram eftir að upp úr viðræðum flokkanna slitnaði síðast. Þó herma heimildir Fréttablaðsins að vilji flokkanna til sátta sé meiri nú en áður þar sem lítið hefur þokast frá kosningum í lok október.

Formenn flokkanna þriggja hittust í fyrradag og fóru yfir stöðu mála varðandi hugsanlega stjórnarmyndun. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var gærdagurinn nýttur til skeytasendinga á milli flokkanna um orðalag tilvonandi stjórnarsáttmála um þessi þrjú veigamiklu atriði.

Þeir Bjarni Benediktsson, Benedikt Jóhannesson og Óttarr Proppé hafa ekki látið ná í sig síðustu tvo daga og ekki svarað skilaboðum Fréttablaðsins.



Viðreisn hélt þingflokksfund í gær. Hér eru Gylfi Ólafsson, Benedikt Jóhannesson formaður og Pawel Bartoszek íbyggnir fyrir fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þeir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem Fréttablaðið talaði við í gær biðu átekta eftir því að verða kallaðir til fundar í þingflokknum.

Forseti Íslands vildi ekki svara því í gær hvort fyrirhugað væri að veita einhverjum umboð til stjórnarmyndunar eða hvort í deiglunni væru fundir með formönnum stjórnmálaflokkanna. Fari svo að mynduð verði ríkisstjórn flokkanna hefði hún aðeins eins manns meirihluta. Svo naumur meirihluti fer ekki vel í nokkra þingmenn Sjálfstæðisflokksins, samkvæmt heimildum blaðsins. sveinn@frettabladid.is

# Sprengjudíll Bílalands

**ENDAÐU ÁRIÐ Á BETRI bíl!**




BMW 5 520D XDrive F10.
Nýskr. 04/14, ekinn 73 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð.7.490.000

SPRENGJUDÍLL:
**6.890 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




VW Passat Ecofuel.
Nýskr. 03/12, ekinn 120 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.990.000

SPRENGJUDÍLL:
**1.690 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




NISSAN Qashqai SE.
Nýskr. 02/14, ekinn 107 þ.km,
dísil, sjálfskiptur 6 gírar.
Verð 3.190.000

SPRENGJUDÍLL:
**2.890 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




BMW X5 XDrive30d 3.0d E70 30D.
Nýskr. 11/12, ekinn 75 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.390.000

SPRENGJUDÍLL:
**6.490 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




KIA Soul EX.
Nýskr. 03/15, ekinn 48 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.980.000

SPRENGJUDÍLL:
**2.390 þús. kr.**
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1




HYUNDAI IX35 Comfort.
Nýskr. 02/14, ekinn 92 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.590.000

SPRENGJUDÍLL:
**2.890 þús. kr.**
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1




TOYOTA Proace GX langur.
Nýskr. 12/13, ekinn 78 þ.km,
dísil.
Verð 3.290.000

SPRENGJUDÍLL:
**2.590 þús. kr.**
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1




HYUNDAI I40 Sedan Comfort.
Nýskr. 04/13, ekinn 39 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.990.000

SPRENGJUDÍLL:
**2.490 þús. kr.**
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1




RENAULT Megane Sport Tourer.
Nýskr. 09/14, ekinn 45 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.790.000

SPRENGJUDÍLL:
**2.190 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




FORD Focus Titanium.
Nýskr. 05/12, ekinn 90 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.190.000

SPRENGJUDÍLL:
**1.690 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




SUZUKI Grand Vitara.
Nýskr. 06/09, ekinn 101 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.850.000

SPRENGJUDÍLL:
**1.190 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




NISSAN Murano 3.5.
Nýskr. 10/05, ekinn 180 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.490.000

SPRENGJUDÍLL:
**990 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




DACIA Duster 4x4.
Nýskr. 03/15, ekinn 113 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.190.000

SPRENGJUDÍLL:
**1.890 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




FORD Mondeo Titanium.
Nýskr. 08/12, ekinn 67 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.990.000

SPRENGJUDÍLL:
**2.490 þús. kr.**
Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1




LAND ROVER Freelander 2S.
Nýskr. 06/08, ekinn 159 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.490.000

SPRENGJUDÍLL:
**1.390 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




NISSAN Pathfinder SE 33".
Nýskr. 01/06, ekinn 191 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 1.990.000

SPRENGJUDÍLL:
**1.290 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




SKODA Octavia Amb. Combi 4x4.
Nýskr. 06/07, ekinn 210 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 1.590.000

SPRENGJUDÍLL:
**790 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




RENAULT Megane Scenic.
Nýskr. 07/07, ekinn 90 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 790.000

SPRENGJUDÍLL:
**450 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




HONDA Jazz 1,4i LS.
Nýskr. 01/08, ekinn 52 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.290.000

SPRENGJUDÍLL:
**890 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11




PEUGEOT 308.
Nýskr. 03/16, ekinn 30 þ.km,
bensín, sjálfskiptur
Verð 3.290.000

SPRENGJUDÍLL:
**2.690 þús. kr.**
Staðsetning: Klettháls 11

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndabrengli.

ENNEMM / SÍA / NM79065

*Það eru sannkallaðir sprengjudílar hjá okkur fram að áramótum. Verðið er hlægilegra en skaupið og þú finnur réttu bílinn fyrir þig.*



**www.bilaland.is**

**bílaland**

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.**

www.facebook.com/bilaland.is

# Erlendar fréttir ársins 2016

**Blóðugar styrjaldir í Sýrlandi, Írak og víðar, býsna óvænt kosningaúrslit í Bandaríkjunum, Bretlandi og á Ítalíu, sjálfsvígsárásir í Brussel, Nice og Berlín. Allt þetta setti svip á erlendar fréttir ársins sem er að líða.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Donald Trump virtist sjálfur frekar hissa á að hafa sigrað í forsetakosningunum í Bandaríkjunum, en hann tekur við embættinu 20. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA







Nigel Farage var í sjöunda himni eftir að Bretar samþykktu að segja sig úr Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA





Þessi mynd af fjögurra ára sýrlenskum dreng í Aleppo komst í heimsfréttirnar þegar honum var bjargað ásamt systkinum sínum og foreldrum eftir að heimili þeirra var lagt í rúst í sprengjuárás. NORDICPHOTOS/AFP



Hún slapp lífandi úr sprengjuárásunum á alþjóðaflugvellinum í Brussel. NORDICPHOTOS/AFP



Valdaránstilraun tyrkneskra hermanna fór út um þúfur. NORDICPHOTOS/AFP



## Kjósendur létu vaða

**9. maí** var Rodrigo Duterte kosinn forseti á Filippseyjum. Hann vatt sér strax í að efna eitt helsta kosningaloforð sitt, sem var að drepa sem flesta fíkniefnasala án dóms og laga. Nú þegar liggja meira en sex þúsundir í valnum.

**23. júní** tóku kjósendur í Bretlandi ákvörðun um að segja Bretland úr Evrópusambandinu. Í kjölfarið sagði David Cameron af sér sem forsætisráðherra en við tók Theresa May. Hún ætlar að hefja úrsagnarferlið í mars á næsta ári.

**9. nóvember** kusu Bandaríkjamenn sér forseta og fyrir valinu varð Donald Trump, auðkýfingur og sjónvarpsstjarna, sem átti harla auðvelt með að ná athygli jafnt fjölmiðla sem kjósenda með yfirlýsingagleði sinni og óskammfeilni.

**4. desember** felldu ítalskir kjósendur stjórnarskrárbreytingar, sem Matteo Renzi forsætisráðherra sagði nauðsynlegar til að ná tökum á efnahagslífinu. Hann sagði strax af sér þegar úrslitin komu í ljós.

**4. desember** vann græninginn Alexander Van der Bellen sigur á hægri þjóðernissinnanum Norbert Hofer í forsetakosningum í Austurríki, með 53,8 prósentum atkvæða gegn 46,2. Munurinn á milli þeirra varð heldur meiri en í fyrra skiptið, því Van der Bellen fékk aðeins 50,3 prósent atkvæða í forsetakosningunum 22. maí. Þær kosningar voru úrskurðaðar ógildar og því þurfti að endurtaka þær.

## Styrjaldir geisuðu víða

**22. september** hóf stjórnarherinn í Sýrlandi, með aðstoð rússneska hersins, stórsókn gegn uppreisnarmönnum í austurhluta Aleppoborgar. Þann 22. desember hafði stjórnarhernum tekist að hrekja alla uppreisnarmennina frá borginni. Áfram hafa uppreisnarmenn þó stóra hluta landsins á sínu valdi. Einnig ráða vígasveitir Daish-samtakanna stórum hluta landsins og aðrir öfgahópar berjast ákaft áfram.

**16. október** hóf stjórnarherinn í Írak ásamt Peshmarga-sveitum Kúrda stórsókn gegn vígasveitum Íslamska ríkisins, eða Daish, í Mosúl-borg og Mosúl-héraði. Bardagar standa enn yfir en tugir þúsunda manna hafa flúið borgina og leitað hælis í flóttamannabúðum í nálægum héruðum.

## Sjálfsvígsárásir og fjöldamorð

**22. mars** voru gerðar sjálfsvígsárásir á Zaventem-flugvellinum í Brussel og Maalbeek-lestarstöðinni í sömu borg. Árásirnar kostuðu samtals 35 manns lífið. Árásarmennirnir höfðu verið í tengslum við menn sem gerðu sjálfsvígsárásir í París í nóvember 2015. Daish-samtökin í Sýrlandi og Írak segja ódæðismennina hafa verið á sínum vegum.

**12. júní** myrti 29 ára gamall maður, Omar Mateen að nafni, 49 manns á næturklúbbi samkynhneigðra í borginni Orlando í Flórída í Bandaríkjunum. Sjálfur féll hann í skotbardaga við lögreglu þar á staðnum.

**14. júlí** ók Mohamed Lahouaiej-Bouhlel 19 tonna vöruflutningabíl inn í mannfjölda sem var að fagna Bastilludeginum í borginni Nice í Frakklandi. Með þessu myrti hann 86 manns og slasaði 434. Sjálfur féll hann í skotbardaga við lögreglu þar á staðnum.

**19. desember** ók Anis Amri, 24 ára gamall maður, 25 tonna vöruflutningabifreið inn á jólamarkað í Berlín, myrti þar 12 manns og slasaði 49. Sjálfur lét hann lífið í skotbardaga við lögreglu á Ítalíu nokkrum dögum síðar.

## Tyrkland

**20. mars** gerðu leiðtogar Evrópusambandsins samning við Tyrkland um flóttafólk. Samningurinn fól í sér að flóttafólk frá Sýrlandi sem farið hafði frá Tyrklandi yfir til Grikklands yrði sent aftur til Tyrklands. Í staðinn mundi Evrópusambandið taka formlega við jafnmörgum sýrlenskum flóttamönnum beint frá Tyrklandi. Gegn þessu lofaði Evrópusambandið að greiða Tyrkjum stórfé ásamt því að hraða aðildarviðræðum við Tyrkland og veita tyrkneskum ríkisborgurum frjálsan aðgang að ríkjum Evrópusambandsins án vegabréfsáritunar.

**15. júlí** gerðu þúsundir tyrkneskra hermanna tilraun til valdaráns í Tyrklandi, en sú tilraun fór fljótt út um þúfur eftir að almenningur sýndi Recep Tayyip Erdogan forseta eindreginn stuðning. Erdogan notaði tækifærið til að styrkja völd sín og fór í víðtækar hreinsanir í stjórnkerfi landsins, fangelsaði þúsundir og rak tugi þúsunda úr lykilstofnunum á borð við her, lögreglu, dómskerfi, fjölmiðla og skóla. Hann sakar hreyfingu klerksins Fethullah Gülen um að hafa staðið að valdaránstilrauninni, en Gülen hefur árum saman búið í sjálfskipaðri útlegð í Bandaríkjunum.



Juan Manuel Santos Kólumbíuforseti og Timoleon Jiminez, leiðtogi FARC-hreyfingarinnar, fagna friðarsamkomulagi, sem síðar var reyndar hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Breyttur samningur var svo staðfestur á þingi. NORDICPHOTOS/AFP





Lögreglumenn varna stuðningsmönnum stjórnarinnar í Venesúela inngöngu í þingsal meðan stjórnarandstaðan ræddi kröfur sínar um að draga Nicolas Maduro forseta fyrir rétt. NORDICPHOTOS/AFP

# FRÍHAFNARDAGAR



**TAX FREE**

**SNYRTIVÖRU DAGAR**

DAGANA 27.-31. DESEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM **SNYRTIVÖRUM**

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



Starfsmaður heilbrigðisyfirvalda í Mexíkó eitrar fyrir moskítóflugum í íbúðarhúsi í Acapulco til að draga úr líkum á zika-veirusmiti. NORDICPHOTOS/AFP





Barack Obama Bandaríkjaforseti hitti Raúl Castro Kúbuforseta á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Flugslys, faraldur og jarðskjálftar

**5. febrúar** sendi mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna frá sér áskorun til stjórnvalda í Suður-Ameríkuríkjum um að létta banni af fóstureyðingum og notkun getnaðarvarna vegna þeirrar hættu sem steðjar að börnum í móðurkviði vegna zika-veirusýkingar. Veiran getur valdið fósturskaða þannig að börn fæðist með dverghöfuð. Veiran herjaði á lönd Suður-Ameríku undir lok ársins. Um tíma var óttast að fresta þyrfti eða hætta við Ólympíuleikana í Brasilíu, sem haldnir voru í ágúst.

**24. ágúst** varð jarðskjálfti af stærðinni 6,2 á Mið-Ítalíu, skammt frá bænum Accumoli, og kostaði hann nærri 300 manns lífið. Margir stórir eftirskjálftar urðu næstu dagana, með miklu eignatjóni, og ný jarðskjálftahrina hófst svo á svipuðum slóðum í lok október, sem olli ekki jafn miklu manntjóni en eignatjónið varð ekki síður mikið. Stærsti skjálftinn í þeirri hrinu varð 30. október og mældist 6,5 að stærð.

**28. nóvember** hrapað brasilísk farþegaþota í Kólumbíu með 77 manns um borð. Sex manns sluppu lifandi en 71 fórst, þar á meðal nánast allir liðsmenn brasilíska fótboltaliðsins Chapecoense, sem var komið í úrslit Suður-Ameríkubikarkeppninnar Copa Sudamericana.

**25. desember** hrapaði farþegaþota á vegum rússneska hersins í Svartahafið. Allir um borð fórust, alls 92, þar á meðal hinn þekkti karlakór rússneska hersins, Alexandrov-kórinn.

## Kúba og Kólumbía

**21. mars** kom Barack Obama Bandaríkjaforseti í heimsókn til Kúbu og hitti þar Raúl Castro forseta. Heimsóknin er til marks um batnandi samskipti ríkjanna, en Bandaríkjaforseti hafði þá ekki heimsótt landið í nærri níutíu ár. Fidel Castro, bróðir Raúls, lést svo 25. nóvember

**24. nóvember** var friðarsamningur undirritaður í Kólumbíu milli ríkisstjórnar landsins og FARC-hreyfingarinnar eftir langvarandi ófrið. Fimm dögum síðar staðfesti þjóðþing landsins samninginn. Fyrri útgáfu samningsins, sem undirrituð var 24. ágúst, var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu 2. október, en breytta útgáfan verður ekki borin undir þjóðaratkvæði. Juan Manuel Santos forseti hlaut friðarverðlaun Nóbels fyrir samningsgerðina.




Við fengum gullmerki Jafnlaunaúttektar PwC í annað sinn

sem er mikilvæg viðurkenning á stefnu okkar um að konur og karlar skuli alls staðar metin að jöfnu.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Jafnlaunaúttekt PwC 2016



# KÆRU LANDSMENN

Við óskum ykkur gleðilegs nýs árs og þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.



ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhraun 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

## Mest lesnu viðskiptafréttir ársins á Vísi

1. Útilokað að bjóða upp á sama verð og í öðrum löndum
2. Lá við slagsmálum vegna nýrra vegghillna í Söstrene Grene
3. Árni Harðarson skattakóngur ársins 2015
4. Blöskraði dekkjaverð á Íslandi og sparaði sér á þriðja hundrað þúsund króna
5. Hálfrar milljónar króna sófasett entist í tvö ár
6. Fjárfestar, popparar, fjölmiðla-, útgáfu- og fjarskiptafyrirtæki í Panamaskjölunum
7. Guðmundur í Jör segir fjárfesta hafa brugðist
8. Lánið hækkað um 11 milljónir. „Ég vildi fara öruggu leiðina.“
9. Mikil reiði hjá starfsmönnum Arion eftir hópuppsögnina

# Ár virkra neytenda og styrkingar krónunnar

**Innkoma erlendra smásölurisa, ferðamenn, Panamaskjöl og tæknigallar einkenndu meðal annars fréttir úr viðskiptalífinu í ár. Áframhaldandi styrking krónunnar, uppsveifla í hagkerfinu og losun hafta hafði áhrif á efnahagslífið.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Það sem einkenndi fréttir úr viðskiptalífinu einna helst hjá Íslendingum árið 2016 var aukin vitundarvakning neytenda. Vinsælasta viðskiptafréttin á vef Vísis í ár snerist um erindi framkvæmdastjóra IKEA á Íslandi, sem benti á að útilokað væri að bjóða hér upp á sama verð og í öðrum löndum. Deilur yfir hillum í Söstrene Grene, ósanngjarn verðmunur milli landa og koma erlendra verslunarrisa á markað og áhrif hennar voru áberandi í fréttum.

Neytendamálin teygðu anga sína víða og endurspegluðust í miklum áhuga á fregnum af MS og keppinautum hennar, Örnu í Bolungarvík og Kú. Brúneggjahneykslið var einnig fyrirferðarmikið nú á síðari hluta ársins.

### Aflandskrónuvandinn leystur

Ein stærsta frétt ársins var lausn aflandskrónuvandans sem er einn mikilvægasti áfanginn í afnámi gjaldeyrishafta. Lög sem Alþingi samþykkti í júní gerðu stjórnvöldum kleift að kaupa aflandskrónur á tilteknu gengi ella myndu eigendur aflandskrónanna sæta því að krónueignirnar yrðu læstar á vaxtalausum reikningum. Fjórir bandarískir sjóðir, eigendur samtals um 230 milljarða króna, tóku ekki tilboði ríkisins og höfu í kjölfarið kostaða herferð þar sem þeir reyndu að bera Ísland saman við Argentínu. Máflutningur þeirra var hrakinn í erlendum fjölmiðlum eins og The Wall Street Journal og Financial Times og Eftirlitsstofnun EFTA gaf út álit í nóvember svo hljóðandi að íslenska ríkið hefði ekki brotið neina EES-löggjöf með aflandskrónufrumvarpinu.

Mikill uppgangur var í íslenska hagkerfinu á árinu. Krónan hélt áfram að styrkjast, atvinnuleysi var lítið og kaupmáttur jókst verulega í kjölfar launahækkana. Hreint staða við útlönd var jákvæð í lok síðasta ársfjórðungs, í fyrsta skipti frá því mælingar hófust eftir síðari heimsstyrjöldina.

### Dauft í Kauphöllinni

Viðskiptalífið var þrátt fyrir þetta viðburðalítið á árinu. Einungis ein skráning fór fram á First North markaði Kauphallarinnar þegar Iceland Seafood var skráð í mars og ein skráning var á aðallista þegar viðskipti hófust með bréf í Skeljungi í byrjun desember. Auk þess lækkuðu hlutabréf í Kauphöllinni töluvert, samanborið við miklar hækkanir árið 2015. Tvær sölur voru áberandi á árinu, annars vegar sala Björgólfs Thors Björgólfssonar á fjarskiptafyrirtækinu Nova og hins vegar salan á lyfjafyrirtækinu Invent Farma.

**39%**
**styrking varð á gengi krónunnar gagnvart pundi 2016.**

### Reykjavík orðin dýrust

Ferðamönnum hélt áfram að fjölga og nálguðust þeir tvær milljónir yfir árið. Fréttir fóru að berast af gæðastaðlinum í greininni en margir eru farnir að óttast að ferðamenn séu orðnir of margir og rekstraraðilar séu ef til vill farnir að rukka of mikið fyrir það sem býðst. Reykjavík var í haust orðin dýrust miðað við aðrar höfuðborgir þegar litið var til hótelgistingar, matar og áfengis. Viðtal við ferðamenn sem blöskraði verðlagið var afar vinsælt í árslok.

Eitt heitasta málið innanlands í ár var Borgunarmálið svokallaða sem sneri að sölu Landsbankans á greiðslufyrirtækinu Borgun. Málinu lauk með uppsögn Steinþórs Pálssonar, bankastjóra Landsbankans. Viðskiptabankarnir þrír áttu almennt erfitt uppdráttar í ár. Hagnaður þeirra dróst verulega saman milli ára sem endurspeglaði áhrif einskiptisliða árið áður. Tilkynnt var um hópuppsögn hjá Arion banka í september. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, sagði í samtali við Markaðinn að nú blasti við hin raunverulega staða bankakerfisins og bætti við að mikilvægt væri að gera umhverfi íslensku bankanna samkeppnishæfara gagnvart erlendum bönkum.

### Plain Vanilla ævintýrinu lauk

Bæði jákvæðar og neikvæðar fregnir bárust af viðskiptaævintýrum Íslendinga erlendis. Blaðamaður BuzzFeed hraunaði yfir leyndan kostnað WOW air og Plain Vanilla ævintýrinu lauk eftir að NBC hætti við framleiðslu á QuizUp-þáttum. Íslenskur bjór naut aftur á móti góðs gengis erlendis, sem og svefndúkkan Lulu frá RóRó sem seldist upp nánast samstundis. CCP ákvað að opna skrifstofur í London. GAMMA fékk starfsleyfi í London og setti stefnuna á New York.

### Brexit-fréttir áberandi

Sé litið til erlendra viðskiptafrétta ársins voru mest áberandi málin sem höfðu áhrif á Íslandi. Þó að hlutabréfahrun hafi átt sér stað víða erlendis í byrjun árs og olíuverð sveiflast gífurlega yfir árið voru það ekki málin sem snertu Íslendinga mest. Þeir höfðu meiri áhuga á þýðingu útgöngu Breta úr Evrópusambandinu, svokölluðu Brexit, fyrir íslenskt hagkerfi: nú var orðið ódýrara að versla á ASOS-netversluninni en á sama tíma voru þetta slæmar fréttir fyrir íslenskan sjávarútveg. Það erlenda mál sem snerti Íslendinga einna helst var afhjúpun Panamaskjalanna í vor.

### Erlendir risar mæta

Á árinu var tilkynnt um komu H&M og Krispy Kreme til landsins og átti Costco að opna dyr sínar á árinu þótt því hafi síðan verið frestað. Einnig var Hard Rock Café opnað í lok október. Íslendingar voru mjög spenntir yfir komu þessara risa og bentu hagsmunagæsluaðilar neytenda á að koma þeirra, sér í lagi H&M og Costco, myndi hafa veruleg áhrif á smásölumarkaðinn. Um áramótin féllu tollar af fötum og skóm niður og var það gagnrýnt verulega að sú breyting hefði ekki skilað sér að fullu í vasa neytenda. Talið er að koma H&M á þrjá staði á næstu tveimur árum muni þrýsta á frekari fataverðslækkun. Ekki eru þó allir risar á leiðinni til landsins. Forsvarsmenn McDonald's staðfestu að Íslandi yrði áfram McDonald's-laust.

### Batterígallar og dræm sala

Erlend vörumerki voru einnig í deiglunni í tæknimálum. Íslendingar nutu þess að spila Pokémon GO, snjallsímaleik Nintendo, eins og heimsbyggðin öll. Eitt uppáhaldsmerki landsmanna, Apple, kom víða fram í fréttunum í ár vegna niðursveiflu hjá félaginu. Sala iPhone dróst meðal annars saman milli ára í fyrsta sinn í sögunni. Helsti keppinautur Apple, Samsung, lenti einnig í vandræðum þegar fregnir bárust af því í haust að galli í batteríum olli sprengingum í Galaxy S7 Note, nýjasta snjallsíma fyrirtækisins. Í kjölfarið forðuðust neytendur vöruna.

Óvissuþættir eru margir varðandi framvindu efnahagslífsins á næsta ári en líklegt er að þróun gengis krónunnar og ferðamenn muni lita árið.




ALLT FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri
Vogue FYRIR HEIMILIÐ


AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW
- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.
Volkswagen
Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.
bílson VERKSTÆÐIÐ
Klettháls 9 • Sími 568 1090
Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

HANDKLÆÐAOFNAR
Hvítir og króm, beinir og bognir, margar stærðir!

Verðdæmi:
Beinn hvítur 50x80cm kr. 7.890
Boginn hvítur 60x120cm kr. 10.890
Beinn króm 50x120cm kr. 16.890
Boginn króm 50x80cm kr. 12.890
Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
Meiri gæði · Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**195** kr. 1,5 l

**Coca Cola**
1,5 lítri




**259** kr. 2 l

**Schweppes Tonic**
2 lítrar




**195** kr. 2 l

**Pepsi og Pepsi Max**
2 lítrar

## GOTT VERÐ Í BÓNUS




**119** kr. 0,5 l

**Schweppes Tonic**
0,5 l




**95** kr. 0,5 l

**Víking Hátíðarblanda**
0,5 l




**95** kr. 0,5 l

**Víking Malt**
0,5 l

HIÐ EINA SANNA




**95** kr. 0,5 l

**Egils Appelsín**
0,5 l




**49** kr. 330 ml

**Faxe Kondi**
330 ml




**159** kr. 250 ml

**Red Bull Orkudrykkur**
250 ml




**59** kr. 250 ml

**ES Orkudrykkur**
250 ml, 3 teg.

## OPNUNARTÍMI

| | |
|---|---|
| 29. DES. FIMMTUDAGUR | 11-18:30 |
| 30. DES. FÖSTUDAGUR | 10-20 |
| 31. DES. GAMLÁRSDAGUR | 10-15 |
| OPNUM AFTUR Á NÝJU ÁRI | |
| 2. JAN. MÁNUDAGUR | 11-18:30 |

# BÓNUS

# EKKERT BRUÐL

VALITOR

Verð gildir til og með **1. janúar** eða meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Táknræn hola



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Íslenska ríkið mun þurfa að borga verktaka sem átti lægsta boð í byggingu Húss íslenskra fræða 120 milljónir króna í skaðabætur því ekkert hefur orðið af byggingarframkvæmdum vegna hússins. Sérstök heimild til slíks var samþykkt á Alþingi með fjáraukalögum fyrr í þessum mánuði.

Byggingunni var ætlað að hýsa starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og íslensku- og menningardeildar Háskóla Íslands. Í húsinu áttu að vera sérhannaðar geymslur og sýningarsalir fyrir forn íslensk skinnhandrit, lesstofur fyrir nemendur skólans, bókasafn auk fyrirlestra- og kennslusala. Undirbúningur að byggingu hússins hófst í mars 2013 þegar Katrín Jakobsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, tók fyrstu skóflustunguna. Stuttu síðar hófst svo fyrsti áfangi verksins sem fólst í jarðvinnuframkvæmdum. Þegar ný ríkisstjórn tók við eftir alþingiskosningar það ár var verkefninu hins vegar slegið á frest. Síðan þá hefur „hola íslenskra fræða“ staðið við Arngrímsgötu 5 í Vesturbænum í Reykjavík.

Þótt staða ríkisfjármála sé brothætt og viðkvæm hefði verið hægt að forgangsraða og hefja framkvæmdir við byggingu hússins í áföngum. Í staðinn var ekkert gert að loknum fyrsta áfanga og 120 milljónum króna var kastað út um gluggann. Formaður fjárlaganefndar Alþingis hefur viðurkennt að greiðsla skaðabótanna sé ekki góð meðferð á opinberu fé. Ríkisvaldinu var hins vegar nauðugur einn kostur að greiða bætur enda hafði það vanefnt samning við verktakann sem átti að byggja húsið.

Mistökin sem ríkið gerði með því að draga lappirnar við byggingu hússins er framhald á hörmungarsögu íslenskrar tungu. Örar tæknibreytingar og alþjóðavæðing hafa gjörbreytt stöðu íslenskunnar. Börn alast upp við að nota snjalltæki, tölvur og hugbúnað sem skilja ekki íslensku og því á tungumálið undir högg að sækja. Framlög ríkisins til Máltæknisjóðs í þeim tilgangi að gera íslensku gjaldgenga í stafrænni upplýsingatækni eru aðeins brot af því sem þarf til að ná markmiðinu. Ekkert hús mun bjarga íslenskunni og verndun hennar fer fram á heimilum landsmanna án atbeina ríkisvaldsins. Þess vegna mun bygging Húss íslenskra fræða aldrei bjarga tungumálinu. Sá björgunarleiðangur er miklu flóknara verkefni. Það er engu að síður dapurlegt að ríkisvaldið láti Hús íslenskra fræða mæta afgangi. Í því felst ákveðin yfirlýsing um að það sé ekki forgangsverkefni að setja tungumálið okkar á þann virðingarstall sem það á skilið. Holan er því táknræn fyrir það virðingarleysi sem íslenskri tungu og menningararfleifð þjóðarinnar er sýnt.

Að þessu sögðu er hins vegar jákvætt að í ríkisfjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021 er gert ráð fyrir að húsið rísi á tímabilinu þótt ekki sé gert ráð fyrir útgjöldum vegna byggingar þess í fjárlögum næsta árs. Sú staðreynd að íslenska ríkið greiðir skaðabætur vegna húss sem aldrei var byggt en mun kannski rísa er samt ákveðin birtingarmynd á viðvaningshætti íslenskra stjórnmálamanna. Á meðan holan er þarna verður hún minnismerki um þessi vinnubrögð. Og til háðungar þeim sem ábyrgðina bera.

**Holan er því táknræn fyrir það virðingarleysi sem íslenskri tungu og menningararfleifð þjóðarinnar er sýnt.**





Gríptu lyfin á leiðinni heim
Apótek Garðarbæjar í alfaraleið

Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010


## Halldór




## Frá degi til dags

**Virk samkeppni**

Fólk hugsar jafnan flugeldasölum, sem ráðast í samkeppni við Slysavarnafélagið Landsbjörg, þegjandi þörfina. Það er kannski ekkert skrýtið enda velkist enginn í vafa um mikilvægi starfsemi björgunarsveitanna og flestir vilja að rekstrargrundvöllur þeirra sé tryggur. Hitt er aftur annað mál að einn af hornsteinum samfélagsins, sem við viljum byggja á, er frjáls samkeppni. Og kannski er það ákveðið afrek að einhverjir séu reiðubúnir til að leggja í samkeppni á þessum markaði, í stað þess að láta einum aðila markaðinn eftir. Og það er jafnvel enn þá meira afrek að geta stundað slík viðskipti á tímum samfélagsmiðla. Þegar orðljótir menn setja sér fá takmörk þegar þeir tjá sig um menn og málefni.

**Öðruvísi fjármögnun**

Sennilegast þarf að fara fram yfirveguð umræða um fjármögnun á þeirri mikilvægu þjónustu sem björgunarsveitirnar veita okkur hinum. Í fyrsta lagi hlýtur sú hætta að vera fyrir hendi að brestur verði á sölu flugelda með tilheyrandi búsifjum fyrir björgunarsveitirnar. Til dæmis ef veðurspáin fyrir gamlárskvöld er þeim mun verri. Í öðru lagi má vafalaust deila um það hvort það sé eðlilegt að starfsemi sveitanna sé öðru fremur fjármögnuð með sölu varnings sem spillir umhverfinu og er jafnframt hættulegur ef ekki er farið að með gát. jonhakon@frettabladid.is

## Verðlækkun ógnar strandveiðum



**Vigfús Ásbjörnsson**
formaður Hrollaugs, Hornafirði, strandveiðimaður og í stjórn LS

Strandveiðar hafa fest sig í sessi sem útgerðarmynstur innan laga um stjórn fiskveiða. Þær hófust í júní 2009 og voru lögfestar í maí 2010. Alls eru strandveiðitímabilin því orðin átta talsins – veiðarnar stundaðar mánuðina maí, júní, júlí og ágúst. 664 bátar stunduðu strandveiðar á sl. sumri.

Landssamband smábátaeigenda (LS) hefur barist fyrir auknu frelsi til strandveiða. Reglur um veiðarnar verði óbreyttar að því undanskildu að ekki komi til stöðvunar í byrjun eða um miðjan mánuð eins og kerfið er nú uppbyggt. Viðmiðun mánaðarins leyfir aðeins að róið sé í örfáa daga. Breytt strandveiðileyfi eins og LS gerir kröfu um mundi gefa viðkomandi heimild til að róa 4 daga í viku alla fjóra mánuðina.

Tillögur LS fengu góðan hljómgrunn í aðdraganda alþingiskosninganna þann 29. október sl. Margvíslegum þáttum þeim til rökstuðnings var velt upp, eins og:

*Strandveiðar skapa meiri sátt um stjórn fiskveiða.*
*Strandveiðar brúa minnkandi framboð sem gjarnan verður yfir sumarið á ferskum fiski.*
*Strandveiðar gefa ungum aðilum tækifæri á að spreyta sig sem sjómenn og skipstjórar.*
*Strandveiðar efla mannlíf hinna dreifðu byggða.*
*Strandveiðar gefa jákvæða sýn á sjávarútveginn þegar þær gæða hafnir landsins lífi.*

Óveðursský hafa hrannast upp að undanförnu varðandi verðmæti sjávarafurða. Einkum er það sterk króna sem veldur mönnum áhyggjum, en ekki hefur tekist að hækka fiskverð í takt við fall á gjaldmiðlum þeirra þjóða sem selt er til gagnvart krónu. Samhliða þessum þætti hefur kostnaður aukist og því fyrirsjáanlegt að tekjur strandveiðimanna dragast saman ef ekkert verður að gert. Ef svo ólíklega vill til að strandveiðikerfið verði óbreytt er hægt að reikna með að aflaverðmæti lækki um 30% milli ára. Það þýðir í raun að útgerð, miðað við óbreytt strandveiðikerfi, getur engan veginn staðið undir sér þó miðað sé við aflahæstu báta á hverju svæði, sem er þó aðeins brot af heildinni. Áhyggjur strandveiðimanna eru því skiljanlegar og því brýnt að ný ríkisstjórn láti málið til sín taka og verði við kröfum LS. Smábátaeigendur þurfa nú sem aldrei fyrr að herða róðurinn fyrir bættum rekstrarskilyrðum. Þar eru ekki aðeins strandveiðarnar undir, útgerð allra smábáta glímir við aðsteðjandi vanda sem stjórnvöld verða að koma að.

**Smábátaeigendur þurfa nú sem aldrei fyrr að herða róðurinn fyrir bættum rekstrarskilyrðum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Endurtekningin

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Ég stóð fyrst álengdar og tyllti mér síðan í sófann í myrkvuðum salnum við hlið bláókunnugrar konu sem fylgdist hugfangin með því sem fram fór. Hún hafði setið þarna lengi hreyfingarlaus að sjá. Fagnandi andlitsdrættirnir og augnaráðið leyndu því samt ekki að hún skemmti sér vel. Ég líka. Ég gat ekki stillt mig um að segja við hana í hálfum hljóðum:

Svo vill til að ég hef reynt þetta áður. Það var í Reykjavík 1972 þegar Bobby Fischer og Boris Spassky háðu heimsmeistaraeinvígi í skák. Fáir aðrir en sjóaðir skákmenn hefðu getað gert sér í hugarlund aðdráttarafl slíks einvígis þar eð langur tími leið á milli leikja, ekkert að gerast, endurtekningin var yfirþyrmandi og þögnin og samt soguðust áhorfendur án viðnáms inn í slitrótta atburðarásina fullir eftirvæntingar og gleði. Tíminn flaug, en hægt. Sjaldan hafði ég þá orðið jafnhissa.

## Sorgin bugar gleðina

Og nú var sagan óvænt að endurtaka sig fyrir augum mínum og annarra í Hirshhorn-safninu í Washington, D.C. Þar stendur nú frábær yfirlitssýning á verkum Ragnars Kjartanssonar myndlistarmanns. Hann stóð þarna á hvíta tjaldinu ásamt lítilli hljómsveit eins og klipptur út úr sovézkum sjónvarpsþætti stuttu eftir stríð og söng „Sorrow Conquers Happiness“ aftur og aftur, á að gizka hundrað sinnum, þetta tók upp undir hálftíma frá upphafi til enda og hélt síðan áfram hring eftir hring eftir hring. Sumir áhorfendurnir horfðu á alla sýninguna frá upphafi til enda, jafnvel tvisvar í röð, býst ég við, eða oftar. Einu tilbrigðin birtust í hóglátum blæbreytingum söngvarans og undirleik hljómsveitarinnar. Lagið er fínt þótt það taki aðeins um fimmtán sekúndur í flutningi. Ragnar hefur m.a. flutt verkið á rússnesku í Sankti Pétursborg, bæði á járnbrautarstöðinni þar og í Hermitage-safninu. Staðarvalið átti vel við því textinn er eins og ágrip af rússneskri skáldsögu.



**Ragnar segir þar frá því að hann hafi kynnzt endurtekningunni barn í Iðnó þar sem foreldrar hans æfðu stíft kvöld eftir kvöld, alltaf sömu tuggurnar. Hann hefur sennilega fundið til öryggis frammi fyrir endurtekningunni og ímyndað sér að hún væri efni í list. Og nú leyfir hann okkur og heiminum öllum að njóta hennar með honum.**

## Vani verður vanabindandi

Ragnar hefur leikið þennan leik áður, með ýmsum blæbrigðum. Hann fékk Kristján Jóhannsson óperusöngvara og aðra til að flytja átta mínútna atriði úr óperunni Brúðkaup Fígarós eftir Mozart um hundrað sinnum í röð í einni striklotu á leiksviði í New York. Verkið heitir Algleymi (e. Bliss). Sýningin tók tólf tíma samfleytt, ég man ekki hvort hún hófst á hádegi og lauk á miðnætti eða öfugt. Áhrifin minna mig á Laugardalshöllina forðum – nú eða heimsmeistaraeinvígið í New York um daginn þar sem norski stórmeistarinn Magnus Carlsen gerði fyrst tólf jafntefli í röð við rússneska stórmeistarann Sergey Karjakin og sigraði síðan Rússann í taugaveikluðum bráðabana og hélt þannig heimsmeistaratitlinum. Þeir eru báðir 26 ára að aldri, þrem árum yngri en Fischer var 1972.

Ég þykist vita af reynslunni í Laugardalshöllinni forðum hvernig andrúmsloftið var á áhorfendabekkjunum í New York. Endurtekningin veldur fyrst svolítilli óþreyju – hvað er ég eiginlega að gera hérna? – og síðan sogast áhorfandinn smám saman inn í hringiðuna og getur varla slitið sig frá henni fyrr en allt er um garð gengið.

Hvað veldur? Hjálpar þetta okkur kannski til að skilja hvers vegna lítil börn vilja einatt heyra sömu söguna aftur og aftur þótt þau kunni hana utan að? Hjálpar þetta okkur til að skilja hvers vegna fullorðnir kjósa sama flokkinn aftur og aftur þótt þeir eigi að geta sagt sér hvað það kostar? Einstein sagði: Geðveiki er að gera sama hlutinn aftur og aftur og eiga von á nýrri niðurstöðu.

## Öryggi

Fyrr í ár birti bandaríska tímaritið New Yorker langa ritgerð um Ragnar Kjartansson eftir rösklega níræðan listgagnrýnanda sinn, Calvin Tomkins. Ragnar segir þar frá því að hann hafi kynnzt endurtekningunni barn í Iðnó þar sem foreldrar hans æfðu stíft kvöld eftir kvöld, alltaf sömu tuggurnar. Hann hefur sennilega fundið til öryggis frammi fyrir endurtekningunni og ímyndað sér að hún væri efni í list. Og nú leyfir hann okkur og heiminum öllum að njóta hennar með honum.

# Dekkri framtíð í boði Bjartrar framtíðar!



Gunnar Ólafsson
47 ára opinber starfsmaður

Í þinglok fyrir jól samþykkti Alþingi ný lög um Lífeyrissjóð opinbera starfsmanna (LSR) með atkvæðum þingmanna Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar. Það vakti athygli mína að þingmenn Bjartrar framtíðar samþykktu breytingarnar á lögum um LSR því öll stéttarfélög opinberra starfsmanna voru mótfallin frumvarpinu. Björt framtíð lagði mikla áherslu í kosningabaráttunni fyrir alþingiskosningarnar í haust á að standa með almenningi og draga úr fúski. Því miður féllu þau á prófinu í þessu máli.

Lögin munu skerða lífeyrisréttindi allra opinberra starfsmanna sem eru yngri en 60 ára þar sem sk. bakábyrgð ríkisins, sem samið var um í tengslum við stofnun A-deildar LSR, er afnumin. Tilgangur laganna er að jafna launamun milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins. Frá því að ég man eftir mér hafa betri lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna verið notuð til að réttlæta lakari laun hjá hinu opinbera. Sú lausn sem var samþykkt snýst um að í framtíðinni munu laun þeirra sem missa þessi réttindi verða bætt þannig að framtíðarlífeyrir þeirra skerðist ekki. Það er ekkert fast í hendi að slík hækkun á launum sé fram undan og sporin hræða. Fyrir um 30 árum sömdu lögreglumenn um að falla frá verkfallsrétti sínum gegn því að þeir myndu njóta betri kjara. Lögreglumenn eru enn að bíða eftir efndum ríkisins á þeim samningi.

**Nær allir starfsmenn hins opinbera sem eru yngri en 60 ára koma til með að búa við óvissari lífeyrisréttindi og kjör eftir þessa jólagjöf þingmanna, m.a. frá Bjartri framtíð.**

## Engin trygging

Að auki er engin trygging fyrir því að ávöxtun LSR verði með besta móti til að viðhalda réttindum sjóðsfélaga. Þvert á móti má benda á að LSR tapaði yfir 100 milljörðum í bankahruninu og samt eru sömu stjórnendur enn í sjóðnum og voru fyrir bankahrun.

Í umsögnum launþegasamtaka og annarra virtra aðila við frumvarpið komu fram athugasemdir um að frumvarpið brjóti ekki bara í bága við launasamninga heldur einnig við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, þar sem hætta er á að að áunnin réttindi glatist ef ávöxtun framtíðar eða einhverjar aðrar forsendur fyrir óbreyttum lífeyri bregðist. Nú þegar hefur stjórn Kennarasambands Íslands ákveðið að stefna ríkinu vegna þessa.

Ljóst er að ef gera á breytingar á lífeyriskerfi sem hefur áhrif á fjárhæðir lífeyris þegar fólk hefur töku lífeyris, þarf að gera þá breytingu í sátt og samlyndi við viðeigandi stéttarfélög.

Nær allir starfsmenn hins opinbera sem eru yngri en 60 ára koma til með að búa við óvissari lífeyrisréttindi og kjör eftir þessa jólagjöf þingmanna, m.a. frá Bjartri framtíð. Það er umhugsunarvert að flokkur sem boðar bjartari tíma með blóm í haga hefur valdið áhyggjum og óvissu hjá þúsundum launþega. Framtíð þeirra er ekki björt heldur dekkri en þyrfti að vera.





KRÓNAN
499 kr. pk.
Bláber 125 g, Suður Afríka
549 kr. pk.
Hindber Driscolls 125 g, Marokkó
-20%
559 kr. pk.
Jarðarber Driscolls 250 g, Egyptaland
Verð áður 699 kr. pk.
499 kr. pk.
Rifsber Driscolls 125 g, Holland
499 kr. pk.
Brómber Driscolls 125 g, Mexíkó
Opið föstudag
9-22
*Reyðarfjörður opið 9-20 föstudag
Gamlársdag
9-16
í öllum Krónuverslunum
Tilboðin gilda til 2. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
GERÐU ÞÍNA EIGIN
Beef Wellington
HREINSUÐ 100% UNGNAUTALUND
6999 kr. kg
Hreinsuð ungnautalund, Nýja Sjáland
+
999 kr. stk.
Duxelle fylling fyrir Wellington, 350 g
+
289 kr. stk.
Smjördeig utan um kjötið, 275 g
Butterdej
Krónan mælir með!
Kalkúnn ferskur
1989 kr. kg
Krónan mælir með!
3499 kr. kg
Kalkúnaskip með salvíusmjöri
Tilboðin gilda til 2. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Krónan mælir með!
Með döðlum og camembert
Með eplum og sveskjum
FRIÐRIK V
Veislumatur
Lambalæri - úrval fyllinga
3199 kr. kg
Krónan mælir með!
Frönsk Aliönd
5999 kr. stk.
Anton Berberie önd 3,2 kg, Frakkland
Lambahryggur
2079 kr. kg
Gastronome
1299 kr. stk.
Anton franskar andabringur 300 g, Frakkland
Tilboðin gilda til 2. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

Ódýrt




Gestus Sourcream-, ostapöff- og sjávarsaltsnakk 175 g

**199** kr. stk.

Ódýrt







Ódýrt

First Price salthnetur 250 g

**199** kr. stk.

First Price saltstangir 250 g

**149** kr. stk.

# Innlendur annáll 2016

Íslenskir íþróttamenn hafa líklega aldrei áður verið meira áberandi en á árinu 2016. Frábær árangur Íslands á EM í fótbolta varð að heimsfrétt, Ísland eignaðist heimsmeistara, vann verðlaun á EM í sundi og landsliðin héldu áfram að tryggja sig inn á stórmótin.



**Aníta Hinriksdóttir komst í úrslit á tveimur stórmótum (5. á HM inni og 8. á EM úti) og setti Íslandsmet á ÓL í Ríó.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Aron Pálmarsson var valinn besti leikmaðurinn á úrslitahelgi Meistaradeildarinnar í maí.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Hin íslensk-hollenska Eyþóra Elísabet Þórsdóttir náði 9. sæti í úrslitum í fjölþraut á ÓL í Ríó.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Valdís Þóra Jónsdóttir náði 2. sætinu á lokaúrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina í golfi og verður með á LET-mótaröðinni á næsta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/LET



**Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu sló út England á EM í Frakklandi og komast alla leið í átta liða úrslit á sínu fyrsta stórmóti. Gylfi Þór Sigurðsson átti einnig frábært ár með Swansea í ensku úrvalsdeildinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





**Ísland eignaðist tvo heimsmeistara í kraftlyftingum. Fanney Hauksdóttir vann HM-gull í klassískri bekkpressu (líka Evrópumeistari) og Júlían J.K. Jóhannsson vann HM-gull í réttstöðulyftu (líka heims- og Evrópum. unglinga).** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK, FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Hrafnhildur Lúthersdóttir vann þrenn verðlaun á EM (tvö silfur og eitt brons) en íslensk sundkona hafði aldrei unnið verðlaun á stórmóti í 50 metra laug. Hún varð einnig fyrsta íslenska konan til að komast í úrslit á Ólympíuleikum þar sem hún endaði í 6. sæti í 100 metra bringusundi og í 11. sæti í 200 metra bringusundi. Hún komst í þrjú undanúrslitasund á HM í 25 metra laug.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta vann sinn riðil í undankeppninni í fyrsta sinn og tryggði sér með því sæti á þriðja Evrópumótinu í röð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Hlynur Bæringsson og félagar í íslenska körfuboltalandsliðinu tryggðu sér sæti í úrslitakeppni Evrópumótsins í annað skiptið. Liðið vann alla þrjá heimaleiki sína í undankeppninni og keppir á Eurobasket í Finnlandi á næsta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir náði besta árangri sem íslenskur kylfingur hefur náð þegar hún tryggði sér keppnisrétt á LPGA-atvinnumótaröðinni í Bandaríkjunum með eftirminnilegum hætti í byrjun desember. Ólafía fór í gegnum öll þrjú stig úrtökumótsins og endaði í öðru sæti á lokaúrtökumótinu.** MYND/GSÍ







**Íslensku þjálfararnir Dagur Sigurðsson (Evrópumeistari, Ólympíubrons), Guðmundur Guðmundsson (Ólympíumeistari) og Þórir Hergeirsson (Evrópumeistari, Ólympíubrons) unnu fimm verðlaun á stórmótum ársins.** NORDICPHOTOS/GETTY, FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK, NORDICPHOTOS/AFP

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
29. DESEMBER 2016 FIMMTUDAGUR

# FLÆKIR EKKI HLUTINA

Lífsstílsbloggarinn **Alexsandra Bernharð** sýnir lesendum þrjú ólík dress sem hún ætlar að klæðast í jóla- og áramótaboðunum. Hún segist hafa einfaldan og þægilegan stíl.



**Alexsandra í Edda x Moss samfestingnum sínum sem hún fékk um daginn.** MYNDIR/ERNIR

VIÐ ÓSKUM ÖLLUM LANDSMÖNNUM GLEÐILEGS NÝS ÁRS OG ÞÖKKUM FYRIR VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA

comma,

2. hæð - Smáralind














Í buxum úr Edda x Moss línunni og peysu frá sænska merkinu Ivy Revel.



Fín í svörtum plíseruðum kjól frá & Other Stories sem hún keypti í New York fyrr í desember.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Í jóla- og áramótaboðunum ætlar lífsstílsbloggarinn og flugfreyjan Alexsandra Bernharð að vera í Edda x Moss samfestingnum sínum sem hún fékk um daginn, svörtum plíseruðum kjól frá & Other Stories sem hún keypti í New York fyrr í desember og í buxum sem eru líka úr Edda x Moss línunni og við þær ætlar hún að vera í þægilegri peysu frá sænska merkinu Ivy Revel. „Þetta eru þær flíkur í fataskápnum mínum sem eru nýlegastar og er ég búin að bíða eftir að fá tilefni til að nota þær. Þær eiga það allar sameiginlegt að vera þægilegar og einfaldar sem er einmitt það sem ég leitast eftir þegar ég klæði mig. Samfestingurinn er svo ótrúlega fallegur að ég gæti verið í honum öll jólin,“ segir hún og brosir.

Alexsandra segir það fara mikið eftir skapi hverju hún klæðist við hátíðleg tilefni en oftast velji hún sér eitthvað þægilegt og einfalt. Hún er mikið fyrir fallega samfestinga í augnablikinu og síðar peysur við upphá stígvél. Þegar hún kaupir sér ný föt skipta gæði og notagildi mestu máli. „Það er sama hvort það er ný flík, taska eða skór. Ég vil frekar eyða meiri pening í eitthvað sem ég mun eiga í mörg ár og er klassískt.“

Beðin um að lýsa stílnum sínum segir Alexsandra hann vera mjög einfaldan, mínímalískan og þægilegan. „Ég er ekki mikið fyrir að flækja hlutina og nota mikið af aukahlutum.“

**Áttu þér einhverja uppáhaldsflík?** Það er mjög erfitt að velja uppáhaldsflík en í augnablikinu kemst ég varla úr nýju úlpunni minni frá Feldi verkstæði og svo keypti ég mér svo ótrúlega kósí peysu í Zöru sem ég elska.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Ég er langoftast í einhverju þægilegu og verða svartar gallabuxur, stór prjónapeysa og annaðhvort svört stígvél eða strigaskór oft fyrir valinu.

**Hefurðu lengi pælt í tískunni?** Já, alveg síðan ég man eftir mér. Hún amma mín smitaði mig af ást sinni á fötum, skóm og töskum og eyddi ég miklum tíma í að leika mér í fataskápnum hennar þegar ég var lítil.

**Eyðir þú miklu í föt?** Ég held ég geti ekki svarað þessari spurningu neitandi. Já, ég eyði frekar miklum pening í föt en ég passa mig alltaf á að gera góð kaup.

**Hver eru bestu kaupin þín?** Bestu kaupin eru klárlega Givenchy Antigona taskan mín sem ég keypti mér í London í ágúst.

**En verstu?** Á sínum tíma féll ég fyrir Lita-skónum frá Jeffrey Campbell og átti tvö pör. Ég skil ekki alveg hvað ég var að hugsa enda er ég löngu búin að losa mig við þá þar sem notagildið var ekki mikið.

**Hvers konar fylgihluti notarðu?** Ég nota ekki mikið af fylgihlutum en ef ég geri það þá er það fallegt úr og að sjálfsögðu Givenchy-taskan mín.

**Hvað er annars helst að frétta?** Ég er alveg á fullu í verkefnum fyrir bloggið mitt og í vinnunni minni sem flugfreyja. Fram undan er skemmtilegt ár úti um allan heim í vinnunni og nóg af skemmtilegum verkefnum í tengslum við bloggið og mögulega meistaranám næsta haust í vörumerkjastjórnun ef ég finn leið til að græða nokkra auka klukkutíma á dag.

**Hægt er að fylgjast með Alexsöndru á alexsandrabernhard.com**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*



# ÁRAMÓTASPRENGJA

# -40%

COSMO

Kringlunni






# JÓLASKÓR PAR EXELLANS

**Marý Björk Steingrímsdóttir** heldur upp á breskt skómerki sem í eru óvenjulegir og jafnvel furðulegir skór. Þegar hún sá jólaskó frá merkinu á netinu var hún ekki rónni fyrr en hún hafði fengið þá í hendur.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Merkið heitir Irregular choice og er breskt. Ég kynntist þessum skóm hér heima þegar þeir voru seldir í lítilli búð á Laugaveginum. Eftir að hún hætti hef ég ekki fundið þá á Íslandi en leita þá í staðinn uppi á netinu," segir Marý Björk. Helstu kosti skónna segir hún vera þægindi en auk þess séu þeir skemmtilega öðruvísi. „Þeir eru allt frá því að vera örlítið sérstakir upp í að vera snarbrjálaðir. Það er til dæmis hægt að fá Star-Wars skó með R2D2 hæl," segir hún glettin og bætir við að ekki skemmi fyrir að verðið sé gott.

Marý Björk hefur lengi haft áhuga á skóm og á að eigin sögn töluvert safn. „Ég hef gaman af öðruvísi skóm sem maður sér ekki á hverjum degi," segir hún og því ekki að undra að hún hafi orðið spennt yfir jólaskónum sem hún sá á vefsíðu Irregular choice í september. Þeir eru rauðir, fallega glitrandi og skreyttir grænu jólatré.

„Þeir voru hins vegar alltaf uppseldir," segir Marý Björk sem dó þó ekki ráðalaus. „Ég skráði mig í grúppu á Facebook fyrir aðdáendur Irregular choice, en ég er alger amatör miðað við þær dömur sem eru þar. Allt í einu dúkkaði upp færsla þar sem bent var á vefsíðu þar sem skórnir fengjust. Ég stökk þangað og keypti þá með það sama. Og nú eru þeir komnir til mín og fá að vera jólaskórnir í ár og næstu ár."

Marý Björk segist annars lítið spá í tísku, hún fái sína útrás fyrir slíku í skónum. „Reyndar kaupi ég nú ekki oft skó. Þegar það gerist er ég búin að spá mikið og skoða," segir hún. Þá kaupi hún sjaldan skó hér heima heldur yfirleitt í útlöndum eða í gegnum netið.

Skórnir frá Irregular choice eru að sögn Marý Bjarkar augnayndi og í raun synd að geyma þá lokaða inni í skáp. „Þessir skór ættu eiginlega að vera upp á punt. Ég hef alveg velt því fyrir mér að setja þá upp í hillu inni í stofu, en ég nenni ekki að fara að þurrka af þeim," segir hún sposk.



**Marý Björk með jólaskóna sína í ár og næstu ára.** MYND/STEFÁN



**Marý Björk á þó nokkra skó frá sama merkinu en allir eru skórnir afar sérstakir og skemmtilegir. Hverju pari fylgir kassi sem er sérhannaður fyrir hverja skótegund.**






# Áramót

29. desember 2016



MYND/VILHELM

# Áramótin með allt öðru sniði

Í Kína eru áramótin ólík þeim sem Íslendingar eiga að venjast. Hjónin **Karen Ósk Kristínardóttir og Eyþór Björgvinsson** eru búsett þar í vetur og halda upp á jólin og áramótin á eyjunni Hainan undan suðurströndinni. Lítið verður um flugelda en meira hangið á ströndinni.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Hjónin Karen Ósk Kristínardóttir og Eyþór Björgvinsson hafa verið búsett í borginni Nanjing í Kína síðan í lok sumars, en þar stundar Eyþór nám í kínversku. Þau hafa aldrei áður upplifað jól og áramót utan Íslands og er því óhætt að segja að nýliðin jól og áramótin fram undan séu með nýju sniði hjá þessum 26 ára gömlu Akurnesingum. Eyþór kláraði fyrri önnina um miðjan desember þannig að þeim fannst tilvalið að nýta fríið til að ferðast út fyrir Nanjing. „Hainan varð fyrir valinu sem er lítil eyja syðst í Kína. Þar er hitinn 27-33°C í desember meðan hitinn í Nanjing var farinn niður í 0-5°C sem er mjög kalt vegna rakans sem er í loftinu,“ segir Karen Ósk.

Þau dvelja í Hainan yfir jól og áramót en jólin voru allt öðruvísi en þau eru vön enda aldrei upplifað neitt annað en íslensk jól og áramót. „Við byrjuðum aðfangadaginn á að fá okkur morgunmat og fórum svo á ströndina. Þar böðuðum við í sjónum og lágum í sandinum í sólbaði. Þegar líða fór á daginn fórum við út að borða á ítölskum veitingastað,“ segir Eyþór.

### Sakna fjölskyldunnar

Að sögn Karenar er hvorki haldið upp á jólin eða áramótin í Kína líkt og við þekkjum hér á landi enda örlítið brot þjóðarinnar kristinnar trúar. „Þó er hægt að finna jólaskreytingar í verslunarmiðstöðvum og þess háttar en lengra nær jólahefð Kínverja ekki. Yfir jólin söknuðum við auðvitað samverunnar með fjölskyldunni, góða matarins, ljúfu jólatónanna, skreytinganna og snjósins. Það er alveg á hreinu að við munum ekki missa af íslenskum jólum aftur.“

Gamlársdagur verður síðasti dagur þeirra í Hainan og ætla þau að nýta hann til hins ýtrasta, segir Eyþór. „Við fundum veitingastað sem býður upp á kalkún og öllu hefðbundnu meðlæti. Auðvitað erum við mjög leið yfir því að missa af flugeldunum heima en fjölskyldur okkar beggja sprengja ansi mikið á ári hverju. Því má búast við allt öðruvísi upplifun.“



Karen Ósk og Eyþór á toppi Purple Mountain með útsýnið yfir Nanjing-borg í bakgrunni.



Karen Ósk og Eyþór um jólin á Nanshan-ferðamannasvæðinu í Hainan.

### Ólík áramót

Áramótin í Kína eru í lok janúar og byrjun febrúar enda fara Kínverjar eftir tungldagatali, segir Karen. „Þar af leiðandi eru áramótin hér á öðrum tíma. Kínverjar fá vikufrí til þess að ferðast til heimabæja sinna en hefðin hér er sú að öll fjölskyldan hittist. Fyrir vikið er nánast ógerlegt að ferðast um landið vegna umferðaröngþveitis. Annars er hugmyndin mjög svipuð vestrænni hugsun, fagnað er liðnu ári og áhersla á hvíld í faðmi fjölskyldunnar ásamt því að biðja fyrir velgengni og lukku á komandi ári. Fjölskyldan borðar saman og í staðinn fyrir hefðbundnar gjafir eru gefin rauð peningaumslög, aðallega til krakka, og sprengt er óhemju mikið magn af kínverjum en lítið sem ekkert af flugeldum. Við hlökkum bæði til þess að upplifa stemminguna þegar nýja árið hjá Kínverjum gengur í garð.“

Ævintýrið heldur svo áfram á næsta ári að sögn Eyþórs en þá klárar hann síðustu önn sína í náminu. „Við ætlum svo sannarlega að nýta tækifærið vel á meðan og ferðast m.a. meira í kringum Nanjing enda af nógu að taka.“



Hjónin í Nanjing með dæmigert háhýsi í bakgrunni.

> **Kínverjar fá vikufrí til þess að ferðast til heimabæja sinna en hefðin hér er sú að öll fjölskyldan hittist. Fyrir vikið er nánast ógerlegt að ferðast um landið vegna umferðaröngþveitis. Annars er hugmyndin mjög svipuð vestrænni hugsun, fagnað er liðnu ári og lögð áhersla á hvíld í faðmi fjölskyldunnar ásamt því að biðja fyrir velgengni og lukku á komandi ári.**
>
> *Katrín Ósk Kristínardóttir*

**Með fenix 3 sameinast glæsileg hönnun og fjölnota GPS snjallúr.**

Íþrótta- og útivistarfólk þarf ekki lengur að velja á milli – fenix 3 er bæði fullkomið íþróttaúr, útivistarúr, snjallúr og úr sem þú notar daglega í vinnu og leik. Þú getur einnig sérsniðið úrið að þínum þörfum með mismunandi upplýsingagluggum, forritum eða úraskífu með Connect IQ appinu frá Garmin.



GARMINBÚÐIN
ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGI 577-6000 WWW.GARMIN.IS
GARMIN®
fēnix 3

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

# Heit Rolo íssósa

## HVAÐ VERÐUR Í EFTIRRÉTT UM ÁRAMÓTIN?

Það er fátt betra en ís með dásamlegri sósu! Íssósa ROLO passar fullkomlega með öllum ís. Þú verður að prófa þessa út á áramótaísinn.

**Uppskriftin er einföld:**

250 ml rjómi
4 ROLO rúllur
2 tsk. sítrónusafi
Sjávarsalt eftir smekk

Bræðið allt saman í potti við vægan hita og smakkið til með salti.



# Einfalt í áramótafagnaðinn

Stundum er er gaman að brjóta upp sitjandi borðhald og bjóða upp á standandi veislu með smáréttum fyrir gesti. Það er tilvalið fyrirkomulag á áramótafögnuðinum. Marga smárétti er lítið mál að útbúa fyrirfram. Eftirfarandi uppskriftir eru af myrecipes.com.



Brúsketta með geitaosti og fíkjum.



Kartöflur með osti.



Ostakúlur og kampavín.

## OSTAKÚLUR MEÐ KAMPAVÍNINU

**220 g rjómaostur**
**½ bolli kotasæla**
**220 g cheddar-ostur rifinn**
**1 tsk. sítrónusafi**
**2 tsk. sinnep**
**Smá sletta af hot sauce**

- Hrærið rjómaost og kotasælu saman í matvinnsluvél þar til blandan er mjúk. Hrærið þá rifnum cheddar-osti saman við, sinnepi, sítrónusafa og hot-sósu. Saltið og piprið eftir smekk. Einnig er gott að hræra saman við ostinn til dæmis söxuðum lauk eða fínt saxaðri papriku. Mótið kúlur úr ostinum.
- Saxið pecan-hnetur smátt
- Saxið steinselju smátt
- Steikið beikon þar til stökkt og saxið smátt.
- Rúllið ostakúlunum upp úr kurlinu. Stingið í þær pinna og raðið á fallegan disk.
- Með ostakúlunum er gott að bera fram epli, skorin í bita sem búið er að kreista sítrónusafa yfir.

## BRÚSKETTA MEÐ GEITAOSTI OG FÍKJUM

- Skerið niður snittubrauð og bakið örlitla stund í ofninum svo sneiðarnar fá örlítið gullinn lit.
- Skerið geitaost í sneiðar og raðið ofan á hverja snittu. Toppið ostinn með fíkjusneið og valhnetu og slettu af hunangi.
- Ef ferskar fíkjur fást ekki gerir fíkjusulta sama gagn.

## FYLLTAR KARTÖFLUR

**12 litlar kartöflur skornar í helminga**
**2 tsk. ólífuolía**
**½ bolli sýrður rjómi**
**2 msk. smátt sakaður graslaukur**
**2 msk. smjör, bráðið**
**2 msk. saxað kapers**
**1½ tsk. sítrónusafi**

» **Smáréttir eru tilvalið fyrirkomulag í áramótafögnuðinn og hægt að útbúa þá fyrirfram.**

**½ tsk. kosher-salt**
**½ tsk. pipar**
**2 msk. rifinn parmesanostur**

- Hitið ofninn 220 gráður. Veltið kartöflunum upp úr olíu og raðið þeim á bökunarplötu með skornu hliðina niður. Bakið í 20 mínútur, snúið þeim þá við og bakið í 10 mínútur. Látið kólna á grind.
- Stillið ofninn á grill og hæsta hita.
- Skerið eða skafið innan úr kartöflunum með skeið svo eftir verði þunn skel. Blandið innihaldinu saman við sýrða rjómann og restina af hráefninu en geymið parmesanostinn. Mokið aftur í kartöfluskeljarnar, stráið ostinum yfir og bakið undir grillinu í 2 mínútur eða þar til osturinn er gullinn.






Lengi hefur tíðkast að fagna nýju ári þó ekki hafi það alltaf hafist á sama tíma.

# Nýtt ár hófst á jóladag fyrr á öldum

Árið hefur ekki alltaf hafist þann 1. janúar á Íslandi. Jóladagur var nýársdagur fram til siðaskipta um miðja 16. öld.

Á Vísindavef Háskóla Íslands segir að nýársdagur hafi verið á reiki í Evrópu lengi vel. Rómverjar hafi látið nýtt ár hefjast 1. mars, samanber mánaðanöfnin, en október þýðir áttundi mánuður ársins, nóvember þýðir níundi mánuð ársins og desember tíundi. En frá fyrstu öld fyrir upphaf okkar tímatals hafi Rómverjar látið árið byrja 1. janúar. Konstantínus mikli í Austrómverska ríkinu lét hins vegar nýtt ár hefjast 1. september og sumir páfar fylgdu þeim sið. Karl mikli ákvað svo í kringum 800 að árið skyldi hefjast 25. mars í Frankaríki. Englendingar létu árið hefjast á jóladag allt fram á 12. öld en færðu sig þá einnig til 25. mars. Á næstu öldum gat nýársdagur verið á ólíkum dögum eftir ríkjum, héröðum og hertogadæmum.

Íslendingar tóku jóladag sem nýársdag eins og enska kirkjan en héldu sig hins vegar við hann fram til siðaskipta.

Gregoríus páfi fyrirskipaði árið 1582 að upphaf ársins skyldi fært til 1. janúar. Ekki fylgdu allir þeim fyrirskipunum og var 1. janúar tekinn upp sem nýársdagur árið 1700 í Danmörku og Noregi og árið 1752 á Englandi. Svíar fylgdu loks eftir árið 1783.

Meðan Íslendingar héldu áramót á sama tíma og jólin var 1. janúar áttundi dagur jóla og mikill veisludagur.

***Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands***

# Flugeldar

29. desember 2016
KYNNINGARBLAÐ



NORDICPHOTOS/GETTY

## Fylgið leiðbeiningum um flugelda

**Það er ýmislegt sem hafa þarf í huga þegar kemur að áramótum og eitt og annað sem ber að varast. Öll meðferð flugelda er varasöm og ætti að fylgja leiðbeiningum sem eiga að vera á hverjum og einum þeirra í hvívetna. Stranglega er bannað að nota flugelda á brennum.**

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Á öllum seldum flugeldum eiga að vera leiðbeiningar. Þar kemur fram hvernig fara á með flugeldinn, aldurstakmörk, hvort halda megi á honum og fleira. Kjartan Sigurðsson, verkefnastjóri á forvarnarsviði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, segir að þegar skjóta eigi flugeldum á loft sé mikilvægt að stífa þá vel af og gæta þess að fjarlægðarmörk séu virt. „Það er ekki nóg að fólk sé í hæfilega mikilli fjarlægð heldur þarf líka að hugsa um húsnæði. Þó það sé alltaf verst að flugeldar fari í fólk þá geta þeir líka valdið tjóni ef þeir skjótast inn. Mikilvægt er að virða að öllu leyti það sem segir í leiðbeiningunum á flugeldunum. Svo eiga auðvitað allir að vera með öryggisgleraugu og þeir sem höndla með flugeldana að vera allsgáðir."

Samkvæmt Kjartani er best að hafa rör sem lamið er niður í jörðina til þess að setja rakettur í áður en þær eru settar á loft. „Það er ekki gott að nota gosflöskur til að setja flugeldana í, þær eru ekki nógu stöðugar. Einhverjir hafa farið þá leið að teipa saman níu stórar gosflöskur og sett vatn í þær og þá er kominn ágætis pallur til að nota en ein er ekki nóg," útskýrir hann.

### Eftirlit með sölustöðum

Klæðnaður má ekki vera þannig að hann geti auðveldlega brunnið ef eldur kemst að honum þegar verið er að skjóta upp flugeldum eða halda á blysum. „Fólk ætti ekki að vera í nælonúlpum eða öðru sem er mjög eldfimt."

Margir flugeldasölustaðir eru í gámum og hefur þeim farið fjölgandi á undanförnum árum á kostnað þeirra sem eru í hefðbundnu húsnæði. Í ár eru sölustaðirnir alls um 55 en hafa verið í kringum sextíu áður. Haft er eftirlit með öllum sölustöðum flugelda allt sölutímabilið og sér slökkviliðið um það í samvinnu við lögregluna. „Við erum með sérstakar verklagsreglur sem við settum okkur fyrir nokkrum árum. Með þeim minnkaði það magn flugelda, sem heimilt er að sé inni á hverjum sölustað, til muna. Við erum alltaf að reyna að bæta öryggið á sölustöðunum," segir Kjartan.

### Engir flugeldar á brennu

Þegar haldið er á brennu um áramótin þarf fólk fyrst og fremst og að sjálfsögðu að passa að fara ekki of nálægt brennunni. Kjartan segir að í dag sé mikið eftirlit með brennunum. Slökkviliðið gefur umsögn og leyfi fyrir þeim og ábyrgðarmenn brennanna eru á svæðinu. „Mikið eftirlit er með brennunum, hvað fer á þær og stærð þeirra. Það er alltaf haldinn fundur fyrir gamlárskvöld með veðurfræðingi og kannað hvernig veðurútlit sé og slíkt og allar ákvarðanir þar að lútandi eru teknar í tíma," lýsir Kjartan og bætir við að það sé algjörlega bannað að hafa flugelda á brennum. „Það er leyfilegt að vera með stjörnuljós en ekkert annað."




**Kjartan Sigurðsson, verkefnastjóri á forvarnarsviði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, segir að það allra mikilvægasta þegar kemur að forvörnum sé að öll heimili séu með reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnarteppi.** MYND/GVA

Kjartan segir að það allra mikilvægasta þegar kemur að forvörnum sé að öll heimili séu með reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnarteppi. „Það þarf svo að passa að reykskynjararnir séu virkir, að í þeim sé rafhlaða."

Um jólin, þegar mikið er um skreytingar og kerti, þarf að muna að aldrei á að skilja logandi kerti eftir í mannlausu rými. Um seríurnar sem hanga víða uppi um þessar mundir gildir það ekki endilega. „Þegar seríur eru settar upp þarf að athuga hvort það sé í lagi með allar perur og að það sé ekkert sambandsleysi þegar serían er hreyfð. Ef svo er ætti að vera í lagi að láta seríurnar loga, sérstaklega þær sem eru með LED-perur en þær hitna ekki. Það þarf einnig að huga að því að seríurnar liggi ekki upp við eitthvert brennanlegt efni," segir Kjartan.

# Borgir með bestu flugeldasýningarnar

Það eru fleiri borgir en Reykjavík sem státa af glæsilegum flugeldasýningum um áramótin. Við snögga yfirferð á alnetinu eru nokkrar borgir sem standa uppúr þegar kemur að flugeldaupplifun. Þar skiptir ekki aðeins máli magn flugelda heldur einnig fagur bakgrunnur.



## LAS VEGAS

Ef það er eitthvað sem gert er vel í Las Vegas í Bandaríkjunum er það íburður og sjónarspil. Á því er engin breyting á gamlárskvöldi. Aðalgötunni er lokað fyrir umferð þetta kvöld og á miðnætti halda öll spilavítin í götunni samstillta flugeldasýningu.



## SYDNEY

Flugeldasýningin á gamlárskvöld í Sydney í Ástralíu á fáa sína líka. Í raun er um tvær sýningar að ræða. Fjölskyldusýningu klukkan 21 og aðalsýningu á miðnætti þegar sprengt er af nokkrum prömmum úti á höfninni og nokkrum byggingum. Flugeldunum er skotið á loft í takt við tónlist sem hljómar um allt hafnarsvæðið en sýningin stendur í 12 mínútur.

Báðum sýningum er sjónvarpað um alla Ástralíu og þeirri seinni um allan heim. Nýtt þema er í hverri sýningu en yfir milljón manns koma niður á höfn ár hvert til þess að fylgjast með sjónarspilinu.



## LONDON

Nýja árinu er fagnað í London með flugeldasýningu sem haldin er við ána Thames nærri London Eye og Big Ben. Klukkan fræga sér um niðurtalninguna að miðnætti auk þess sem tölum er varpað á Shell Centre-bygginguna. Flugeldunum er skotið frá London Eye um miðnætti og stendur sýningin í átta mínútur eða svo. Í ár mun BBC mynda flugeldasýninguna frá 360 gráða sjónarhorni.



## RIO DE JANEIRO

Flugeldasýningin á Copacabana-ströndinni í Rio de Janeiro í Brasilíu er víðfræg. Gamlárskvöld rennur upp um mitt sumar í Brasilíu og margir eru í sumarfríi. Upplifunin er því allt önnur en víða annars staðar í heiminum, enda hægt að fylgjast með sjónarspilinu léttklæddur á ströndinni.



## DÚBAÍ

Í Dúbaí skiptir öllu máli að gera allt mest, best og dýrast. Sett var heimsmet í borginni árið 2014 þegar 479.651 sprengja var sprengd í sex mínútna langri sýningu. Flugeldasýningar fara fram við frægar byggingar á borð við Burj Khalifa, Burj Al Arab og Palm Jumeirah.



## BERLÍN

Eitt stærsta götupartí Evrópu má finna í Berlín í Þýskalandi á gamlárskvöld þegar um milljón manns safnast saman milli Brandenborgarhliðsins og Sigursúlunnar. Aðalhátíðahöldin fara fram við Brandenborgarhliðið þar sem fjöldi hljómsveita spilar og flugeldum er skotið á loft um miðnætti.

Súper Flugeldar

VÍKURHVARFI 1, KÓPAVOGI
OG
NJARÐARBRAUT 1,
REYKJANESBÆ

Á SÚPER VERÐI
20% - 60%
AFSLÁTTUR!
28 OG 29 DESEMBER!

OG SVO

SÚPER KAUPAUKI
20% - 60%
KAUPAUKI
30 OG 31 DESEMBER!

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301 | VEFFANG visir.is | UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429 | ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson

# BOMBA flugeldar

# Geggjuð tilboð!

## Tilboð 1

| | | |
|---|---|---|
| Eiríksjökull 1,2" | 49 skota | 19.900 kr |
| Flatey 1" | 49 skota | 14.900 kr |
| Borgarnes 0,8" | 100 skota | 9.900 kr |
| | **Fullt verð:** | **44.700 kr** |

**TILBOÐ: 19.900 KR**

## Tilboð 2

| | | |
|---|---|---|
| Sprettur 0,8" | 300 skota | 29.900 kr |
| Sprengisandur 1,9" | 25 skota | 19.900 kr |
| Borgarnes 0,8" | 100 skota | 9.900 kr |
| Papey 1" | 36 skota | 6.900 kr |
| | **Fullt verð:** | **66.600 kr** |

**TILBOÐ: 29.900 KR**

## Tilboð 3

| | | |
|---|---|---|
| Garðabær 1,2" | 138 skota | 49.900 kr |
| Grindavík 1.2" | 121 skot | 39.900 kr |
| Ólafsvík 1,2" | 88 skota | 29.900 kr |
| Papey 1" | 36 skota | 6.900 kr |
| | **Fullt verð:** | **126.600 kr** |

**TILBOÐ: 49.900 KR**

**Pantaðu tilboðin þín núna, sími 522  2222**




**BOMBA flugeldar**
Víkurhvarf 6 – Kópavogur
bomba.is – Sími 522 2222

Við styrkjum
LJÓSIÐ



## Flugeldar og dýr eiga enga samleið

Nauðsynlegt er að huga að dýrum um áramót, þau skilja ekki frá hverju ljósagangur, hvellir og púðurlykt stafa og geta fyllst óöryggi. Til að hjálpa dýraeigendum hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg tekið saman ráðleggingar þar sem farið er yfir atriði sem vert er að hafa í huga um áramótin.

- Best er að dýr séu ekki úti á gamlársdag og þrettándanum.
- Gott er að draga fyrir glugga á gamlárskvöld og hafa útvarp í gangi þannig að hvellir og ljósagangur að utan hafi minni áhrif.
- Dýraeigendum er bent á að hafa sérstakan vara á þegar farið er í gönguferðir og útreiðartúra á þessum árstíma. Þeir sem eiga ekki hesta eða gæludýr átta sig síður á því að hvellir og ljós geta fælt skepnur.
- Flugeldar og dýr eiga ekki samleið. Aldrei skal vera með dýr þar sem verið er að skjóta upp flugeldum.



## Eftirlitið hert

Áramótin fram undan verða þau síðustu þar sem Íslendingar geta keypt stærstu flugeldana og terturnar sem hafa verið seldar hingað til hér á landi. Þann 15. janúar 2017 gengur í gildi ný reglugerð frá Evrópusambandinu sem Íslendingum er gert að innleiða. Þar er allt eftirlit með púðurinnihaldi flugelda hert til muna og magn þess takmarkað.

Markmið nýju reglugerðarinnar snýr fyrst og fremst að því að auka öryggið kringum flugelda og minnka slysahættuna, frekar en að minnka mengunina sem hlýst af notkun þeirra.

Vöruúrvalið á sölustöðum flugelda á næsta ári verður því frábrugðið því sem nú er en hingað til hafa mun öflugri flugeldar verið seldir hérlendis en í nágrannalöndum okkar. Þrátt fyrir lagabreytingarnar gera innflytjendur flugelda ráð fyrir góðu úrvali á sölustöðum undir lok næsta árs. Til að mynda verða áfram leyfðar allt að 100 skota tertur auk þess sem nýjar vörur munu vafalaust leysa þær eldri af hólmi eins og gerst hefur áður þegar vinsælar vörur hafa verið bannaðar.

## FLUGELDAR Í ÞÚSUND ÁR



Flugeldur er nokkurs konar hylki eða rör úr pappír með púðri í. Flugeldar þróuðust í Kína fyrir um þúsund árum í framhaldi af því að púðrið var fundið upp. Púður var upphaflega gert úr viðarkolum, brennisteini og saltpétri. Þegar kviknar í púðrinu verður sprenging og hiti og ljós myndast. Litadýrð flugelda fæst með því að setja ýmiss konar málmflögur í púðrið. Í upphafi voru allir flugeldar hvítir á litinn og var þá sett duft af áli eða magnesíum út í púðrið. Þau efni verða mjög björt og glóa þegar þau hitna. Síðar voru notaðar stál- eða járnflögur til að framkalla gula liti. Flestir litir sem einkenna flugelda í dag þróuðust á nítjándu og tuttugustu öld. Fyrir nítjándu öldina voru aðeins framleiddir flugeldar sem voru hvítir, gulir eða appelsínugulir að lit. Á nítjándu öld var farið að búa til rauða og græna flugelda, en bláir og fjólubláir flugeldar þróuðust ekki fyrr en á tuttugustu öldinni.

*Heimild: Vísindavefurinn*





Öll Jól
- SÍÐAN 1952 -


VERT 5900


ora
GRÆNAR BAUNIR



Soba-núðlur eru borðaðar í Japan á áramótum.

# Matur boðar lukku

Víða um heim er hefð að borða vissan mat um áramótin. Oftar en ekki á það að boða lukku og á í það minnsta að vera heillavænlegt skref inn í nýja árið.

### Tólf vínber

Á Spáni þykir það boða gott ár að borða tólf vínber um leið og klukkan slær tólf á miðnætti gamlársdags. Hvert ber á að segja til um hvernig mánuðir næsta árs muni líða. Sæt ber tákna auðvelda mánuði en súr ber erfiðari tíð. Þetta er skemmtileg hefð sem auðvelt er að koma að í íslensku áramótapartíi. Til dæmis mætti þræða tólf ber á grillprjón og bera fram í kampavínsglasi rétt fyrir miðnætti.

### Kúabaunir í suðrinu

Kúabaunir eða black-eyed peas eru borðaðar víða í suðurríkjum Bandaríkjanna í rétti sem kallaður er hoppin' john. Það þykir sýna hógværð og auðmýkt og á því að laða að góða lukku.

### Linsubaunir á Ítalíu

Á Ítalíu eru linsubaunir bornar fram um áramót en þær eiga að endurspegla auðæfi.

### Snurðulaus skil

Hringlaga mat á að borða á nýársdag og er talið að það færi fólki lukku. Hringurinn boðar að eitt ár sé liðið og að skilin milli hins nýja og gamla séu snurðulaus.

### Soba í Japan

Soba eru bókhveitinúðlur sem eru vinsælar í Japan. Hefð er fyrir því að borða slíkar núðlur á miðnætti á gamlársdag í rétti sem kallaður er toshi-koshi (frá einu ári til annars) soba. Núðlurnar tákna langlífi og því lengri sem þær eru, því betra.








# Ferðamenn fjölmenna á Óperudraugana

Óperudraugarnir stíga á svið í Hörpu í þriðja sinn um áramótin. **Gissur Páll Gissurarson** hefur sungið með þeim í öll skiptin en með honum í þetta sinn verða Valgerður Guðnadóttir, Oddur Arnþór Jónsson og Elmar Gilbertsson sem syngur nú með í fyrsta skipti.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Gissur Páll segir að tónleikarnir hafi náð að festa sig í sessi. „Ég veit að það eru nokkuð margir sem koma ár eftir ár,“ segir hann. Fyrstu tónleikarnir verða í kvöld og æfingar hafa staðið yfir. Með söngvurum verður einvala lið strengjasveitar og píanóleikari en tónlistarstjóri er Roland Hartwell. Tónlistarstjóri Óperudrauganna er Óskar Einarsson. Næstu tónleikar eru á morgun og síðan tvennir á nýársdag. Gissur Páll segir að það sé engin tilviljun að Óperudraugarnir velji þennan tíma til tónleikahalds. „Það var ekkert um að vera í Hörpu á þessum tíma árs. Við byrjuðum þrír saman í upphafi, ég, Garðar Thor Cortes og Kristján Jóhannsson, og ákváðum að nýta Hörpuna fyrir óperutónleika. Einnig fórum til Akureyrar. Vegna ýmissa verkefna var Kristján ekki með á síðasta ári en þá fengum við Garðar hann Odd Arnþór til liðs við okkur ásamt kvenröddunum Valgerði Guðna og Dísellu. Núna gat Garðar ekki verið með vegna verkefna á erlendri grundu. Hann syngur í nýrri uppfærslu á The Phantom of the Opera eftir Andrew Lloyd Webber,“ útskýrir Gissur Páll.

### Tónlistin alþjóðleg

„Því miður förum við ekki út á land núna þar sem fáir frídagar eru þessi jólin. Þess vegna erum við með ferna tónleika í Hörpu,“ segir hann og bætir við að það komi þeim skemmtilega á óvart hversu áhugi útlendinga sé mikill á tónleikunum. „Erlendir gestir sem staddir eru á landinu nota tækifærið og fara á íslenska óperutónleika. Tónlistin er alþjóðleg og við verðum með kynningarnar á íslensku og síðan á ensku fyrir erlendu gestina. Á meðan verslunin breytist í túristabúðir með lundum og öðru dóti þá erum við með vöru sem ekkert þarf að gera við. Lögin eru alls staðar eins. Við viljum því alls ekki kalla þetta túristakonsert. Gestir í Metropolitan óperunni í New York eða Vínaróperunni í Vín eru um 97% erlendir. Það er því mjög skemmtilegt að íslenskir óperutónleikar veki athygli þeirra fjölmörgu ferðamanna sem hingað koma,“ segir hann.

### Vantar óperur um jól

„Allir óperusöngvarar á Íslandi hafa menntað sig í útlöndum og starfa þar sömuleiðis. Óperan er því sameiginlegur markaður allra landa. Við leggjum áherslu á tónlist sem er áheyrileg, vinsæl og jafnvel einhverja slagara. Þetta eru óperuaríur, óperettuaríur og söngleikjatónlist. Áherslan er á tónlist sem fólk kemur til að hlusta á og eiga notalega stund,“ segir Gissur Páll sem söng á svo mörgum jólatónleikum í nóvember og desember að hann segist vera búinn að jóla yfir sig. „Ég gerði einmitt grín að því að ég var eins og verslunarkonan í VR jólaauglýsingunni um jólin. Ég er búinn að vera úti um allt, á Akureyri, Ísafirði, Blönduósi og víða í Reykjavík með ýmsum frábærum tónlistarmönnum Ætli ég hafi ekki sungið á hverjum degi frá því jólatónleikarnir byrjuðu. Þetta var æðislega skemmtilegt tímabil,“ segir Gissur og bætir því við að ekkert jólalag verði hjá Óperudraugunum.

> **Við leggjum áherslu á tónlist sem er áheyrileg, vinsæl og jafnvel einhverja slagara. Þetta eru óperuaríur, óperettuaríur og söngleikjatónlist. Áherslan er á tónlist sem fólk kemur til að hlusta á og eiga notalega stund.**
>
> *Gissur Páll Gissurarson*

### Bjartsýnn á nýtt ár

Nýja árið leggst vel í söngvarann. Hann segir að nokkur stór verkefni séu í kortunum sem ekki sé búið að ganga frá. „Í þessu starfi veit maður aldrei hvenær síminn hringir og næsta verkefni dettur inn,“ segir Gissur Páll, sem flutti hingað til lands árið 2008 eftir langa dvöl erlendis. „Maður er annaðhvort úti um allt og býr í ferðatösku eða stillir sig af til að vera með fjölskyldunni. Ég ákvað að velja það síðarnefnda og hef haft nóg af verkefnum hér á landi. Við eigum mikið af frábærum óperusöngvurum hér á landi en verkefnin eru ekki nægilega mörg. Það væri því gaman ef til væri óperuhús sem hugsaði markaðssvæði sitt út fyrir Íslendinga. Það er til dæmis aldrei óperusýning um jól eða áramót. Fullt af fólki sem dvelur hér á þeim tíma hefur áhuga á óperu. Þetta á vonandi eftir að breytast. Leikhúsin hafa einmitt verið að átta sig á þessum tækifærum með því að setja upp leiksýningar á ensku. Dæmin sýna að Íslendingar koma líka á þær sýningar,“ segir Gissur Páll og segist hlakka mikið til ársins 2017. „Ég er í eðli mínu bjartsýnn og er það alltaf um áramót.“



Gissur Páll Gissurarson söngvari kemur nú fram þriðja árið í röð með Óperudraugunum í Eldborgarsal Hörpu um áramót.

*Við sendum landsmönnum öllum óskir um*
*farsælt komandi ár og þökk fyrir samskiptin á liðnu ári*

N1

MEET IN REYKJAVÍK
Reykjavík Convention Bureau

wise

STRACTA
HÓTEL

SÆTOPPUR

FASTUS

Skinney - Þinganes hf

SAGA MEDICA

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Amma mús
-handavinnuhús

SKYRTA
ICELAND

gallery spuni
HANDAVINNUHÚS

567 7570 · 693 7700
SÖGUN · BORUN
BROT
BORTÆKNI
BEJKING · REYNSLA
www.bortaekni.is

# FLESTIR ÆTLA AÐ LIFA LÍFINU TIL FULLS

Rannsóknir síðustu ár hafa sýnt að flestir strengja það áramótaheit að lifa lífinu til fulls á nýju ári. Margir ætla sér líka að grennast, hætta að reykja, hætta að drekka, eignast pening og finna hamingjuna.

Hér eru tíu hugmyndir að áramótaheitum sem öll snúast um að lifa betra og innihaldsríkara lífi. Að lifa því til fulls.

1. Ég ætla að tileinka mér hugleiðslu og stunda hana reglulega.
2. Ég ætla að læra eitthvað nýtt á hverjum degi.
3. Ég ætla að taka upp nýtt áhugamál og leggja rækt við það.
4. Ég ætla að leika mér meira.
5. Ég ætla að lesa eina bók á mánuði.
6. Ég ætla að eyða meiri tíma úti í náttúrunni.
7. Ég ætla að taka frá klukkutíma á dag í að vinna í átt að því að uppfylla draum sem ég ber í brjósti.
8. Ég ætla að njóta stundarinnar og hversdagsins.
9. Ég ætla að tileinka mér jákvæðara viðhorf til náungans og lífsins.
10. Ég ætla að vera mildari í eigin garð.






## Þrír kampavínskokteilar

Klassískt er að fagna nýju ári með því að skála í kampavíni eða freyðivíni. Til gamans mætti hressa upp á drykkinn með því að búa til auðvelda kampavínsdrykki á borð við þessa þrjá:

**Rifsberjakokteill**
**Rifsberjamauk, kælt**
**Freyðivín að eigin vali**
Setjið 2 msk. af rifsberjamauki í hvert kampavínsglas. Hellið hægt og rólega kampavíni í glasið. Berið fram strax.

**Mandarínufreyðivínskokteill**
**Mandarínulíkjör**
**Freyði- eða kampavín**
Setjið 30 ml af mandarínulíkjör í hvert kampavínsglas, fyllið með freyðivíninu. Skreytið með mandarínuberki. Ef ekki er til mandarínulíkjör má nota Cointreau eða Grand Marnier í staðinn.

**Blóðappelsínukokteill**
**Nýkreistur blóðappelsínusafi**
**Kælt freyði- eða kampavín**
Hellið 3 msk. af safa í hvert kampavínsglas. Fyllið með freyðivíni og berið fram.



## Skaupið 50 ára

Fyrsta áramótaskaup Ríkissjónvarpsins var sýnt á gamlárskvöld árið 1966, um þremur mánuðum eftir að Ríkissjónvarpið hóf útsendingar hér á landi. Þátturinn var tekinn upp daginn áður og sýndur á eftir árlegri áramótaútvarpssendingu Ríkisútvarpsins. Fyrsta áramótaskaupið var í leikstjórn Andrésar Indriðasonar en upptakan af þættinum hefur því miður glatast.

Í áramótaskaupinu 1967 komu fram margir leikarar og söngvarar sem áttu eftir að setja svip sinn á íslenskt listalíf á seinni hluta síðustu aldar, þ. á m. Ómar Ragnarsson, Bessi Bjarnason, Flosi Ólafsson, hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar, Þuríður Sigurðardóttir og Vilhjálmur Vilhjálmsson.

Áramótaskaup hefur verið sýnt árlega síðan við miklar vinsældir og það fimmtugasta verður því næsta gamlárskvöld.





# OUTLETSPRENGJA

# 40-90%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
## 28-29. DESEMBER



**SVAVAR** 11.995 kr. ~~24.490~~ kr.
HERRA FLÍSPEYSA



**YRSA** 41.995 kr. ~~69.990~~ kr.
LÉTT DÚNÚLPA



**DÚNA** 20.995 kr. ~~34.990~~ kr.
BARNA DÚNÚLPA



**FREYR/FREYJA** 23.995 kr. ~~39.990~~ kr.
PRIMALOFT ÚLPA



**ÖGN/AGNAR** 29.995 kr. ~~49990~~ kr.
DÚNÚLPA



**DÚI** 5.995 kr. ~~11.990~~ kr.
BARNA FLÍSPEYSA

**CINTAMANI OUTLET**
AUSTURHRAUN 3, GARÐABÆ | WWW.CINTAMANI.IS

Mánudagur - Föstudagur .......... 10 - 18
Laugardagur .......... 10 - 16



ÓDYRARI FLUGELDAR
Brot af því besta sem þú finnur hjá okkur
www.pudurkerlingin.is
39 skot
CHRISTMAS
5.900
49 skot
DISCO
9.900
49 skot
GOAL
9.900
Tertupakkinn
150 skot
12.900
168 skot
ALIEN
13.900
240 skot
CRAZY KARTING
17.900
100 skot
1,5"
MADE IN CHINA
23.900
200 skot
1,5"
41.900
100 skot
2"
MADE IN CHINA
42.900
522 skot
Risa Tertupakkinn
37.900
SKÓGARLIND 1, 201 KÓPAVOGUR
10 stk
RAKETTUR
3.900
27 stk
8.900
XL
1.900
3"
2.300
XXL
3.900
Fjölskyldupakkinn
Úrvals Pakkinn
3 tertur
Rakettur
Allskonar smádót
11.900
8 Skot Standblys
1,5"
2.700
13"
Conic
3.900
FLUGELDASALAN
PÚÐURKERLINGIN

# smáauglýsingar FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



RENAULT MASTER DCI 125 L2H2 nýskr. 03/2013, ekinn 40 Þ.km, diesel, 6 gíra. TILBOÐSVERÐ 2.888.000 kr. + vsk. Raðnr. 255425 !



RENAULT MASTER DCI100 L2H2 nýskr. 05/2013, ekinn 45 Þ.km, diesel, 6 gíra. TILBOÐSVERÐ 2.699.000 kr. + vsk. Raðnr. 255241



RENAULT TRAFIC nýskr. 08/2009, ekinn 129 Þ.km, dísel, beinskiptur. Verð 1.590.000 kr. + vsk. Raðnr. 255866

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á að
og hafa og leik hlíta í ofbeldi

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## KEYPT & SELT

### Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## HÚSNÆÐI

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

### Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**AÐSTOÐAMAÐUR Í BAKARÍ**
Aðstoðamaður í bakarí í þrif ofl. vinnutími frá 9-17 uppl. kokuhornid@kokuhornid.is

Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á að
og hafa og leik hlíta í ofbeldi




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Húsarif • Jarðvinna • Uppsláttur**
**Steypusögun • Kjarnaborun • Múrbrot**
PRIMA
**S: 555-1819 / 852-5804 / 852-5808**
**prima@primaehf.is**

EYJALIND GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
**Smiðjuvegur 2 • Kópavogur**
**WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS**
**S. 587 1350**

**viftur.is**
**Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir**
**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## atvinna

MOSFELLSBÆR · Lágafellsskóli

# Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi.

Má bjóða þér að vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum.

**Stuðningsfulltrúi óskast**
Meginverkefni er aðstoð við nemendur í leik og starfi. Sérstaklega er leitað að karlmanni til starfa.
Vinnutími frá kl. 08:00. Möguleiki á vinnu í frístundaseli e.h. og þar með 100% starfshlutfalli.

**Laus staða á leikskóladeild 5 ára barna í Höfðabergi, útibúi skólans**
Starfshlutfall 50% og vinnutími 08:30 – 12:30.

**Frístundaleiðbeinendur óskast til starfa í Frístundasel Lágafellsskóla**
Vinnutími frá kl. 13:00 – 16:00 eða 17:00.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðum www.mos.is og www.lagafellsskoli.is

Laun vegna auglýstra starfa eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga. Upplýsingar um ofangreind störf veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200/8968230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is

**Umsóknarfrestur um störfin framlengist til 6. janúar 2017**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## til sölu

Arctic Sea Farm

### Framleiðsluaukning um 7.600 tonn af laxi í Ísafjarðardjúpi
### Tillaga að matsáætlun

Arctic Sea Farm hf kynnir tillögu að matsáætlun fyrir framleiðsluaukningu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Kynningin er samkvæmt reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða allt að 8.000 tonna hámarks framleiðslu á einu ári. Fyrir hefur fyrirtækið eldisleyfi fyrir silung- og laxeldi í Ísafjarðardjúpi á tveimur staðsetningum en í matsáætlun er gert ráð fyrir þremur eldissvæðum. Almenningi er gefinn kostur á að kynna sér tillöguna á vefsíðu fyrirtækisins www.arcticfish.is og gera athugasemdir til og með 13. janúar 2017.

Athugasemdir sendist á netfangið sp@afish.is eða í pósti:

*Arctic Sea Farm hf*
*Suðurgata 12*
*400 Ísafirði*




» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

EIGNAMIÐLUN
Sala fasteigna frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Brekkuhvarf 15, 200 Kópavogi




**Opið hús fimmtudaginn 29. des. milli 17:15 og 17:45.**
Samtals 269,2 fm einbýlishús sem skiptist í forstofu, hol, tvö baðherbergi, stofur, eldhús með borðkróki, svefnherbergisgang, þrjú herbergi og þvottaherbergi. Yfir hluta íbúðarinnar er hol með stóru geymslurými undir súð. Bílskúr er tvöfaldur með innkeyrsludyrum, gluggum og göngudyrum, útbúið hefur verið íbúðarrými í bílskúr. **Verð 79,5 millj.**

Nánari uppl. veita: Þórarinn M. Friðgeirsson lg. fasteignasali s. 899-1882, thorarinn@eignamidlun.is eða Brynjar Þór Sumarliðason aðst. maður fasteignasala s: 896-1168, brynjar@eignamidlun.is

## Sólheimar 44, 104 Reykjavík



162,9 fm neðri sérhæð í 4ra íbúða húsi á frábærum stað í austurborginni. Íbúðarrými er skráð 137,9 fm og bílskúr 25,0 fm. Mikið endurnýjuð íbúð m.a. eldhús, baðherbergi, gólfefni og fl. Mjög gott skipulag. Góðar svalir og ræktaður garður. Eignin er til afhendingar við kaupsamning. **Verð 55,5 millj.**

**Bókið skoðun hjá:** Þórarinn M. Friðgeirsson lg. fasteignasali s. 899-1882, thorarinn@eignamidlun.is eða Andri Guðlaugsson lg. fasteignasali s. 662-2705, andri@eignamidlun.is.

## Móvað 1, 110 Reykjavík



248,9 fm mjög vel staðsett einbýlishús með tvöf. innbyggðum bílskúr við Móvað í Norðlingaholti. Fjögur svefnherb, þrjú baðherb, góðar stofur, góðar svalir og glæsilegt útsýni. **Verð 77,5 millj.**

**Bókið skoðun hjá:** Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fasteignasali í síma 899-1882, thorarinn@eignamidlun.is eða Andri Guðlaugsson lg. fasteignasali s. 662-2705, andri@eignamidlun.is

## Kleppsvegur 48, 104 Reykjavík



Rúmgóð og vel skipulögð 100,9 fm íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi við Kleppsveg. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, þrjú herbergi, eldhús og baðherbergi. Íbúðin er 3ja herb. skv. teikningu en lítið herbergi hefur verið útbúið við forstofuholið. **Verð 37 millj.**

**Bókið skoðun hjá:** Reynir Björnsson lg. fasteignasali s. 895-8321, reynir@eignamidlun.is eða Brynjar Þór Sumarliðason aðst.maður fasteignasala s: 896-1168, brynjar@eignamidlun.is

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# Erlendur annáll 2016

Íþróttaárið 2016 var mjög stórt enda bæði Ólympíu- og EM-ár. Tvær Ólympíugoðsagnir kvöddu í Ríó, Leicester vann einstakt afrek og Cristiano Ronaldo vann loks stóran titil með portúgalska landsliðinu.


Bölvun aflétt. Eftir 108 ára bið varð Chicago Cubs hafnaboltameistari í Bandaríkjunum á ótrúlegan hátt. Liðið lenti 3-1 undir í úrslitaeinvíginu. Kom til baka með þremur sigrum og vann oddaleikinn í aukalotu.


Einstakur. Michael Phelps kvaddi Ólympíuleikana með fimm gullverðlaunum og einu silfri í Ríó. Hann er sigursælasti Ólympíufari allra tíma með 28 verðlaun. Hann á 23 gull, þrjú silfur og tvö brons.


Heimsbyggðin grét er brasilíska fótboltaliðið Chapecoense lenti í flugslysi í desember og nánast allir leikmenn liðsins fórust.


Kobe Bryant endaði 20 ára feril sinn í NBA-deildinni á því að skora 60 stig í lokaleiknum. Hann varð fimm sinnum NBA-meistari og vann tvö ÓL-gull.


Hló að andstæðingum sínum. Usain Bolt vann þrenn gullverðlaun þriðju Ólympíuleikana í röð í Ríó. Einstök þrenna í 100, 200 og 4x100 metra boðhlaupi hjá Bolt. Fljótasti maður allra tíma kveður svo næsta sumar. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY


Ítalinn Claudio Ranieri stýrði Leicester City í mesta Öskubuskuævintýri knattspyrnusögunnar. Litla liðið sló öllum risunum í enska boltanum við og varð Englandsmeistari. Afrek sem seint verður leikið eftir.




Peyton Manning reið inn í sólarlagið sem NFL-meistari með Denver Broncos. Hans annar titill. Þegar hann kvaddi átti hann flest helstu metin í NFL-boltanum. Þar á meðal að hafa verið valinn besti leikmaður deildarinnar fimm sinnum.


Bandaríska stúlkan Simone Biles heillaði heimsbyggðina með ótrúlegum hæfileikum sínum og brosi í Ríó þar sem hún vann þrjú gull.


LeBron James náði að vinna NBA-titilinn með Cleveland Cavaliers. Það var ekki litið afrek. Ekki síst í ljósi þess að liðið lenti 3-1 undir í úrslitaeinvíginu og varð fyrsta liðið í sögu NBA sem kemur til baka og vinnur titilinn.


Árið var skrautlegt hjá Íslandsvininum Conor McGregor. Hann sagðist vera hættur í MMA er hann var á Íslandi í apríl en endaði síðan árið á því að verða fyrsti tvöfaldi meistarinn í UFC.


Þetta var árið hans Cristianos Ronaldo. Hann vann loksins stórmót með Portúgal er liðið vann EM. Ronaldo vann einnig Meistaradeildina með Real Madrid og fékk svo Gullknöttinn er hann var valinn besti knattspyrnumaður heims í fjórða sinn á ferlinum.

## Nýjast

### Deildabikar HSÍ, kvenna

**Fram - Stjarnan 23-22**

**Fram - Mörk (skot):** Ragnheiður Júlíusdóttir 6 (13), Steinunn Björnsdóttir 5 (5), Hildur Þorgeirsdóttir 4 (8), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 3 (3), Marthe Sördal 2 (4), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (5), Elva Þóra Arnardóttir 1 (2), Hulda Dagsdóttir (1), Rebekka Rut Skúladóttir (1).
**Varin skot:** Guðrún Ósk Maríasdóttir 13/1 (35/3, 37%).
**Stjarnan - Mörk (skot):** Helena Rut Örvarsdóttir 7 (12), Stefanía Theodórsdóttir 5/2 (5/2), Nataly Sæunn Valencia 3 (5), Elena Elísabet Birgisdóttir 2 (4), Rakel Dögg Bragadóttir 2 (8/1), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 1 (2), Brynhildur Kjartansdóttir 1 (3), Sólveig Lára Kjærnested 1 (4).
**Varin skot:** Hafdís Lilja Torfadóttir 12 (35, 34%).

### Deildabikar HSÍ, karlar

**Afturelding - FH 20-32**

**Afturelding - Mörk (skot):** Elvar Ásgeirsson 7 (15), Árni Bragi Eyjólfsson 6 (10/1), Hrafn Ingvarsson 2 (2), Bjarki Þór Kristinsson 1 (2), Pétur Júníusson 1 (2), Jóhann Gunnar Einarsson 1 (3), Gestur Ólafur Ingvarsson 1 (3), Gunnar Þórsson 1 (3), Ástþór Sindri Eiríksson (1), Jóhann Jóhannsson (2).
**Varin skot:** Davíð Hlíðdal Svansson 13/1 (45/2, 29%).
**FH - Mörk (skot):** Ágúst Birgisson 8 (9), Einar Rafn Eiðsson 7 (12/1), Jóhann Birgir Ingvarsson 5 (8), Ásbjörn Friðriksson 5/1 (9/1), Gísli Þorgeir Kristjánsson 3 (5), Jón Bjarni Ólafsson 1 (1), Eyþór Örn Ólafsson 1 (1), Helgi Reyr Sigurgeirsson 1 (2), Arnar Freyr Ársælsson 1 (3), Ísak Rafnsson (1), Bjarki Pétursson (1).
**Varin skot:** Ágúst Elí Björgvinsson 9 (26, 35%), Birkir Fannar Bragason 5 (8, 63%).

### GLENN FARINN FRÁ BLIKUM



Jonathan Glenn hefur yfirgefið herbúðir Breiðabliks eftir eins og hálfs árs dvöl í Kópavoginum. Glenn kom til Blika frá ÍBV um mitt sumar 2015 og skoraði þá átta mörk í níu leikjum fyrir Kópavogsliðið. Í kjölfarið skrifaði hann undir tveggja ára samning við Breiðablik. Glenn náði sér engan veginn á strik á síðasta tímabili og skoraði ekki mark í 14 leikjum í Pepsi-deildinni.

### ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS 2016 ÚTNEFNDUR Í KVÖLD



Íþróttamaður ársins verður útnefndur í 61. sinn í hófi í Hörpu í kvöld. Auk þess að kjósa íþróttamann ársins kusu meðlimir í Samtökum íþróttafréttamanna einnig lið og þjálfara ársins. Fimm konur og fimm karlar eru á listanum yfir þá 10 íþróttamenn sem fengu flest atkvæði í kjörinu í ár. Þetta eru þau Aníta Hinriksdóttir, Aron Einar Gunnarsson, Aron Pálmarsson, Eygló Ósk Gústafsdóttir, Gylfi Þór Sigurðsson, Hrafnhildur Lúthersdóttir, Júlían J.K. Jóhannsson, Martin Hermannsson, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir. Aron Pálmarsson (2012), Eygló Ósk (2015) og Gylfi Þór (2013) hafa áður hlotið nafnbótina íþróttamaður ársins. Karla- og kvennalandsliðin í fótbolta og karlalandsliðið í körfubolta koma til greina sem lið ársins. Dagur Sigurðsson, Guðmundur Guðmundsson og Heimir Hallgrímsson keppa um titilinn þjálfari ársins.

## Í dag

19.40 Aston Villa - Leeds Sport

## Merkisatburðir

**1770** Fylgismenn Hinriks annars Englandskonungs myrða Thomas Becket, erkibiskup af Kantaraborg.
**1845** Texas verður 28. ríki Bandaríkjanna.
**1891** Thomas Edison fær einkaleyfi á útvarpstækni.
**1898** Verslunarfélag Steingrímsfjarðar er stofnað á Hólmavík.
**1895** Brjóstmynd af Gunnari Thoroddsen er afhjúpuð við Fríkirkjuveg.
**1994** Alþingi samþykkir að Ísland verði eitt stofnríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.
**2006** FL Group styrkir Sjálfstæðisflokkinn um þrjátíu milljónir tveimur dögum áður en ný lög um styrki til stjórnmálaflokka taka gildi.

# Hrósað í hástert af blaðamanni The Guardian

**Gosminjasýningin Eldheimar fékk aldeilis flotta viðurkenningu á dögunum þegar blaðamaður The Guardian hrósaði sýningunni í hástert á lista yfir bestu ferðauppgötvanir þessa árs. Kristín Jóhannsdóttir, safnstjóri Eldheima, er að vonum himinlifandi með umsögnina.**

„Þetta er náttúrulega alveg rosalega flott og stórt,“ segir safnstjórinn Kristín Jóhannsdóttir um umsögn blaðamanns The Guardian Roberts Hull. „Við erum að tala um að við erum það eina af Norðurlöndunum sem kemst inn á þennan lista. Þetta segir okkur að við erum búin að gera ansi margt rétt og það er verið að staðfesta við okkur að safnið er velheppnað og að það sé þess virði að heimsækja það. Auðvitað höfum við haft trú á safninu alveg frá því að Vestmannaeyjabær ákvað að setja peninga í þetta, en það er gott að fá það staðfest að hér var vandað til verka,“ segir Kristín. Hún bætir við að sýningarhönnuður Eldheima, Axel Hallkell Jóhannesson, eigi hrós skilið. „Hann kann að búa til stemningu. Gestir fá ákveðna upplifun og eru sendir í ferðalag, þeir kaupa ekki bara miða og ráfa svo um safnið.“

Kristín segir skipta miklu máli að gestir komi á sjálfan staðinn þar sem hlutirnir sem um ræðir gerðust, þannig verður

**Og við erum í Vestmannaeyjum, það þarf að fara yfir sjó og land, þannig að þetta verður að teljast góður árangur.**



upplifunin magnaðri. „Safnið er í túnjaðrinum við eldfjallið og við erum með rúst af húsi sem var grafið upp úr ösku til sýnis og byggjum yfir rústir. Þannig að þetta er alvöru.“

Gosminjasýningin Eldheimar var opnuð um vorið árið 2014, Kristín segir reksturinn hafa gengið vonum framar.

„Já, þetta er búið að spyrjast alveg rosalega vel út. Aðsóknin hefur farið fram út björtustu vonum en við erum að tala um að tæplega 40.000 gestir hafa sótt safnið á þessu ári. Og við erum í Vestmannaeyjum, það þarf að fara yfir sjó og land, þannig að þetta verður að teljast góður árangur,“ segir Kristín sem á von á að umsögnin í The Guardian muni ýta undir aðsókn að safninu enda er um ansi góða auglýsingu að ræða.

„Safnið er fyrir alla,“ segir Kristín svo aðspurð fyrir hvern safnið sé. Það vekur lukku hjá ungum sem öldnum. „Meira að segja litlu börnin, þeim finnst líka gaman að skoða safnið. Svo er boðið upp á hljóðleiðsögn á fimm tungumálum en ég á líka prentaðan texta á fleiri tungumálum þannig að flestir ættu að geta sett sig inn í efnið,“ útskýrir Kristín.

„Við erum bara yfir okkur ánægð því safnið hefur bætt við ferðaþjónustuna í Vestmannaeyjum.“ **gudnyhronn@365.is**

---



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**Steindórs Steindórssonar**
Hlíðartúni, Fljótshlíð.

**Ingibjörg Eggertsdóttir**
**Jónheiður Steindórsdóttir** **Jóhannes Freyr Baldursson**
**Þór Melsteð Steindórsson** **Tia Mell**
**Alexander Jóhannesson** **Steingerður Hauksdóttir**
**Dóróthea Jóhannesdóttir** **Ari Bragi Kárason**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, amma og langamma,

**Pálína Ágústa Jónsdóttir**
Sólvöllum 1, Stokkseyri,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands að morgni aðfangadags.

**Kristinn Jón Reynir Kristinsson og fjölskylda.**

---



†

Faðir okkar,

**Hörður Hallbergsson**
fv. verkstjóri hjá Rafveitu Hafnarfjarðar,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 20. desember síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju þann 5. janúar kl. 13.00.

**Bjarney Elísabet Harðardóttir**
**Sigurjón Harðarson**
**Jóhanna Elínborg Harðardóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Mörtu Kristjánsdóttur**
Faxabraut 13-15, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hlévangs fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Karl Antonsson** **Hrafnhildur Jónsdóttir**
**Eygló Antonsdóttir** **Ólafur Arthúrsson**
**Helen Antonsdóttir** **Þórhallur Guðmundsson**
**Guðrún Antonsdóttir** **Sæbjörn Þórarinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristmann Guðmundsson**
bifreiðastjóri og ökukennari,

verður jarðsunginn frá Hvalsneskirkju föstudaginn 30. desember klukkan 13.00.

**Sigfús Kristmannsson**
**Guðmundur Kristmannsson** **Anna Marie Pollestad**
**Sigurlaug Kristmannsdóttir** **Jón Örn Arnarson**
**Guðrún Kristmannsdóttir** **Ómar Pétursson**
**Kristján Kristmannsson** **Ragnheiður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurjón Rafn Þorvaldsson**
Furulundi 15a, Akureyri,

lést á heimili sínu 23. desember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 3. janúar kl. 13.30.

**Daníela Guðmundsdóttir**
**Dagný Sigríður Sigurjónsdóttir** **Magnús Már Þorvaldss.**
**Helga Margrét Sigurjónsdóttir** **Ásbjörn K. Ólafsson**
**Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson** **Laufey Gunnarsdóttir**
**Selma Dögg Sigurjónsdóttir** **Helgi Sv. Jóhannsson**
**afa- og langafabörn.**

---



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,

**Marvin Guðmundur Hallmundsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð aðfaranótt 17. desember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 6. janúar klukkan 13.00.

**Hallmundur Marvinsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**Gyða María Marvinsdóttir** **Vilmundur Tryggvason**
**Eysteinn Marvinsson** **Guðrún Waage**
**Ólöf Ólafsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---



†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður, tengdamóður,ömmu og langömmu,

**Kristínar Jónsdóttur**
Skarðshlíð.

Hjartans þakkir sendum við starfsfólki á dvalarheimilinu Lundi, Hellu, fyrir góða umönnun og elsku í hennar garð.

**Guðrún Anna Tómasdóttir** **Þorgils Gunnarsson**
**Auðbjörg Tómasdóttir** **Hermann Hansson**
**Guðbjörg Jóna Tómasdóttir** **Sveinn B. Jóhannesson**
**Hjördís Tómasdóttir** **Þórir Ingvarsson**
**Guðmar Jón Tómasson** **Helena Kjartansdóttir**

---



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jóhann Gunnar Halldórsson**
frá Bæ á Selströnd í Steingrímsfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli, þann 22. desember sl. Útförin fer fram frá Áskirkju í Reykjavík, föstudaginn 6. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Jóhann Garðar Jóhannsson**
**Brynjar Gauti Jóhannsson**
**Rut Eiðsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigríðar Bjargar Vilhelmsdóttur**
áður til heimilis að Smáratúni 7, Keflavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Hlévangs í Reykjanesbæ fyrir kærleiksríka og góða umönnun.

**Óla Björk Halldórsdóttir**
**Sigríður Björg Halldórsdóttir** **Kristján Sigurpálsson**
**Sævar Halldórsson** **Susie Ström**
**Þórunn Halldórsdóttir** **Axel Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÚTSALA ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
EIRÍKUR RAUÐI
HRAFNA FLÓKI
ILLUGI SVARTI
FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA
ÁRAMÓTA SKOTKÖKUR FYLGJA MEÐ VÖLDUM TÖLVUPÖKKUM:)
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Marshall
10 ára
Tilboð gilda dagana 27-31 desember 2016 eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur
75% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
ALLT AÐ 100 ÞÚSUND
AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM
ÚTSALA ÁRSINS
27-30. DESEMBER
12:00 - 18:00
GAMLÁRSDAG
10:00 - 12:00
LOKAÐ 1. JAN 2017
OPNUM AFTUR 2. JAN KL 12:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Áramótasteikin í Nettó



Búið að hanga í 30 daga

**Nautalundir**
Kjötbankinn - ófrosin og tilbúin til eldunar
**4.498** KR/KG
Áður: 4.998 kr/kg



40%

**Hamborgarhryggur**
snyrtur og úrbeinaður - Kjötsel
**1.739** KR/KG
Áður: 2.898 kr/kg

## Mikið úrval af nautakjöti og nautalundum fyrir áramótin



20%

**Dádýralundir**
frá Nýja Sjálandi
**5.838** KR/KG
Áður: 7.298 kr/kg



20%

**Dádýravöðvar**
frá Nýja Sjálandi
**3.198** KR/KG
Áður: 3.998 kr/kg



**Nauta T-bone steik**
1 stk.
**3.993** KR/KG
Áður: 4.698 kr/kg



**Nautamjaðmasteik**
Roastbeef 600 - 800 gr.
**2.998** KR/KG



20%

**Nautalundir**
Danish Crown 1,2 - 1,5 kg.
**3.438** KR/KG
Áður: 4.298 kr/kg



**Hreindýralundir**
**7.910** KR/KG
Áður: 8.989 kr/kg

## Humar er ómissandi á áramótaborðið!



**Hátíðarsúpa Humarsölunnar,**
850 ml
**1.298** KR/PK



40%

**Humar**
án skeljar 800 gr. poki.
**2.999** KR/PK
Áður: 4.998 kr/pk



**HS Skelbrot**
blandað - 1 kg
**3.469** KR/KG
Áður: 3.898 kr/kg



**Humar VIP**
millistærð 800 gr.
**5.898** KR/PK

**Tilboðin gilda 29. – 31. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.





## Mackintosh
1,3 kg.
**1.598** KR PK

**Lambahryggur**
fylltur
**2.935** KR KG
Áður: 3.669 kr/kg



## Lambahryggur
Kryddaður - Ferskt
**1.758** KR KG
Áður: 2.197 kr/kg

## M&M
Peanut eða Chocolate - 165 gr.
**254** KR PK
Áður: 299 kr/pk







## X-tra Flögur
3 tegundir - 300 gr.
**299** KR PK
Áður: 369 kr/pk

## Coop Flögur
4 tegundir.
**339** KR PK
Áður: 399 kr/pk

## Ritz Crisp
3 tegundir - 100 gr.
**299** KR PK

## X-tra Chilihnetur
500 gr.
**479** KR PK
Áður: 529 kr/pk

## Coop Salthnetur
300 gr.
**349** KR PK
Áður: 399 kr/pk










## Downtown - ís
500 ml - 4 tegundir.
**698** KR PK
Áður: 798 kr/pk

## Saltstangir
250 gr.
**189** KR PK

## Emerge Orkudrykkur
2 tegundir - 250 ml.
**99** KR STK
Áður: 129 kr/stk

## Flintstones Partýdrykkur
2 tegundir.
**299** KR STK

## Opnun verslana yfir áramótin

| Verslun: | 29. des. | 30. des. | 31. des. | 1. jan. | 2. jan |
|---|---|---|---|---|---|
| Granda og Mjódd | 24 klst | 24 klst | kl. 15 | LOKAÐ | opnar kl. 10 |
| Hafnarfjörður, Búðakór Salavegur, Hrísulundur Iðavellir, Selfoss | kl. 10-21 | kl. 10-22 | kl. 10-15 | LOKAÐ | kl. 10-21 |
| Glerártorg, Húsavík, Grindavík, Egilsstaðir, Höfn, Borgarnes | kl. 10-19 | kl. 10-22 | kl. 10-15 | LOKAÐ | kl. 10-19 |
| Krossmói Reykjanesbæ | kl. 9-20 | kl. 10-22 | kl. 10-15 | LOKAÐ | kl. 10-20 |

## Tilboð!
6 FYRIR 4

ÞÚ KAUPIR FJÓRAR 2 L PEPSI OG FÆRÐ TVÆR 2 L FRÍTT MEÐ



# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Sunnan hvassviðri eða stormur með úrkomu víða um land, fyrst snjókomu á sunnanverðu landinu en síðan slyddu og rigningu á vestanverðu landinu. Þá hvessir mikið í kringum Tröllaskaga um hádegi, allt að 25 m/s þar yfir hádaginn. Austan til fer svo að rigna í kvöld og hlýnar talsvert með sunnan hvassviðri.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -2° | -4° |
| ↗ 5 | ↙ 18 | → 15 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -5° | -6° | -11° |
| → 19 | ↘ 6 | ↑ 6 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -4° | -8° | -6° |
| ↓ 6 | ↖ 3 | ↓ 7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -6° | -7° | -13° |
| ↘ 10 | ↓ 5 | ↓ 6 |

# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. mælieining
6. eftir hádegi
8. lögg
9. rönd
11. bókstafur
12. krapi
14. frumefni
16. íþróttafélag
17. siða
18. slæða
20. á fæti
21. fyrirhöfn

**LÓÐRÉTT**
1. erindi
3. pot
4. vopn
5. viður
7. hendingarím
10. óvild
13. eiga heima
15. djamm
16. nögl
19. átt




**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** volt, **6.** eh, **8.** tár, **9.** rák, **11.** sé, **12.** slabb, **14.** flúor, **16.** kr, **17.** aga, **18.** lín, **20.** íl, **21.** ómak.
**LÓÐRÉTT: 1.** vers, **3.** ot, **4.** lásbogi, **5.** tré, **7.** hálfrím, **10.** kal, **13.** búa, **15.** rall, **16.** kló, **19.** na.

## Skák Gunnar Björnsson



Radjabov (2.710) átti leik gegn Olexander Bortnyk (2.581) á heimsmeistaramótinu í atskák.

**Hvítur á leik**
**21. Dxh5+!! Bxh5 22. Bxh5 Kg8 23. Hg1+ Rg7 24. Hxg7+ Kh8 25. Hxe7+ Hf6 26. Bxf6+ Kg8 27. Hg7+ Kf8 28. Hxh7 Df5 29. Hh8#.** Ivanchuk varð mjög óvænt heimsmeistari í atskák.
**www.skak.is:** Allt um HM í atskák.











## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 4 | | 1 | | 6 |
| | | 7 | | 3 | 8 | 9 | 5 | |
| | | 5 | | 7 | | | | |
| | | | | 9 | | 5 | | |
| 8 | 9 | | | 6 | | 2 | 1 | |
| | | | | | 4 | 3 | | 7 |
| 6 | | 4 | | 5 | | 8 | | |
| 7 | | 1 | | | | 6 | 4 | |
| 3 | 8 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 4 | 7 | | | 8 |
| | 1 | | | | | | 9 | |
| 8 | | | | 1 | 2 | | 3 | |
| 4 | 8 | | | 3 | | 5 | | |
| | | 2 | 4 | | | | | |
| 3 | 9 | | 2 | | 8 | 7 | | |
| | | 1 | | 8 | | | | 6 |
| 5 | 7 | | 6 | | | | | |
| 6 | | | | 2 | 3 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | 9 | | |
| 3 | 4 | 5 | | | 6 | | 8 | |
| 6 | 7 | | | | | 2 | | |
| | | | | 5 | | 3 | | |
| | 6 | 2 | 3 | | | | 4 | |
| 9 | 1 | | | | 8 | | 2 | |
| | | | 8 | | | 1 | | |
| | | 6 | 1 | | | | | |
| 8 | | | | 3 | | | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 5 |
| 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 8 | 6 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 6 | 1 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 9 |
| 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 1 | 6 | 7 | 5 | 2 |
| 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 6 | 1 | 5 | 2 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 2 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 4 | 7 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 2 | 4 | 9 |
| 9 | 6 | 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 2 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 6 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 8 | 5 | 4 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 9 | 6 | 2 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 9 | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

### 29. DESEMBER

### Tónlist

**Hvað?** Hátíðartónleikar á jólum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Kammerkór Hallgrímskirkju, Schola cantorum, fagnar 20 ára afmæli sínu á þessu ári og blæs til tónlistarveislu milli jóla og nýárs með lúðraþyt og fagnaðarsöng. Hin stórfenglega Jólaóratóría eftir Johann Sebastian Bach (1685-1750) verður flutt. Flytjendur, auk Schola cantorum, verða Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju og fjórir einsöngvarar, þar af koma þrír úr röðum kórfélaga. Stjórnandi er Hörður Áskelsson, kantor Hallgrímskirkju. Miðasala í Hallgrímskirkju og á tix.is.

**Hvað?** Farfuglatónleikar Bjargar Brjánsdóttur og Bryndísar Þórsdóttur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hannesarholt
Bryndís Þórsdóttir nemur fagottleik við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn. Björg Brjánsdóttir nemur þverflautuleik við Tónlistarháskóla Noregs í Ósló. Björg og Bryndís leika ljúfa en fjölbreytta tónlist, allt frá jólalegri barokksónötu til brasilískrar svítu. Farfuglarnir eru tónlistarnemendur erlendis sem er boðið að halda tónleika sér að kostnaðarlausu og rennur ágóði tónleika til listamannsins.

**Hvað?** Farfuglatónleikar Rakelar Bjartar Helgadóttur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Rakel Björt Helgadóttir nemur hornleik í Berlín. Hún hóf hornnám 9 ára gömul við Tónlistarskólann á Seltjarnarnesi. Árið 2007 hóf hún nám við Tónlistarskólann í Reykjavík þaðan sem hún lauk burtfararprófi. Þaðan lá leið hennar til Þýskalands þar sem hún hóf nám við Folkwang Universität der Künste í Essen. Frá vormánuðum 2014 hefur Rakel stundað nám við Universität der Künste Berlin. Meðleikari Rakelar á tónleikunum er Anna Guðný Guðmundsdóttir. Á efnisskránni er m.a. Ludwig van Beethoven: Hornsónata í F-dúr op. 17, og Robert Schumann: Fantasiestücke, Op. 73.



Rakel Björt Helgadóttir mun m.a. leika tónlist eftir Beethoven.


Reykjavíkurdætur verða á Akureyri.

**Hvað?** Reykjavíkurdætur á Akureyri
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Hljómsveitin Reykjavíkurdætur mun halda uppi stuðinu á Norðurlandi. Dæturnar munu aldrei hafa verið þéttari og má því búast við heljarinnar „show-i“ sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.










# Týnd í plasti og vondum hugmyndum

**LEIKHÚS**

**Óþelló**

★★☆☆☆

**eftir William Shakespeare**

**Þjóðleikhúsið og Vesturport**
**Leikstjóri og leikgerð:** Gísli Örn Garðarsson
**Leikarar:** Ingvar E. Sigurðsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Aldís Amah Hamilton, Arnmundur Ernst Backman, Björn Hlynur Haraldsson, Guðjón Davíð Karlsson, Ólafur Egill Egilsson, Katrín Halldóra Sigurðardóttir og Jóhannes Níels Sigurðsson
**Leikmynd:** Börkur Jónsson
**Búningar:** Sunneva Ása Weisshappel
**Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson
**Tónlist:** Björn Kristjánsson (Borko)
**Hljóðhönnun:** Björn Kristjánsson (Borko) og Kristján Sigmundur Einarsson
**Þýðing:** Hallgrímur Helgason

Þann 22. desember síðastliðinn var Óþelló eftir William Shakespeare, jólasýning Þjóðleikhússins, frumsýndur á stóra sviðinu. Gísli Örn Garðarsson leikstýrir þessu stórvirki leikhúsbókmenntanna.

Óþelló hefst með nánast tómu sviði en stórt tré trónir fyrir því miðju undir tónum Björns Kristjánssonar, sem er betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Borko. Óþelló, leikinn af Ingvari E. Sigurðssyni, kemur inn á nærklæðunum einum saman og tekur sér góðan tíma til að höggva tréð niður. Þessi fyrsta sena verksins er jafnframt sú besta, hrá og afgerandi.

Gísli Örn leikstýrir sýningunni og skrifar leikgerðina en hann hikar ekki við að hrista hressilega upp í verkinu sem er vel og áhugavert á blaði. Aftur á móti hefur ansi mörgum persónum verið hent út úr handriti og verkið stytt gríðarlega. Innra gangverk verksins riðlast við slíkar breytingar, keðjuverkandi atburðir ganga ekki upp og ásetningur persóna verður óljós.

Utangarðsmannsstaða Óþellós er aldrei nægilega vel útskýrð nema með húðflúri hans á bringunni sem minnir óþægilega á skreytingar hinna nýsjálensku Maóría frekar en Mára hins upprunalega texta. Af þessum sökum hefur verkið ekkert samfélagslegt akkeri, heimurinn sem hópurinn skapar er óljós, leikarar verksins eru sjaldan samstilltir og sýningin verður af þeim sökum mjög brotakennd.

Þýðingin er í höndum Hallgríms Helgasonar og hittir hann stundum beint í mark en fellur of oft í þá gryfju að einfalda málið um of og styðjast við klúryrði og klofbrandara til að brjóta upp spennu. Shakespeare notast oft við afsíðis einræður þar sem persónur tala beint til áhorfenda, en í þessari sýningu er fjórði veggurinn



Úr sýningu Þjóðleikhússins á Óþelló Williams Shakespeare.

mölbrotinn þegar kvenpersónur verksins hópast saman og kveða saman í kór um pólitíska ástandið á Íslandi. Þrátt fyrir gamansemina þá gefur atriðið sýningunni lítið.

Ákvörðunin um að Ingvar leiki Óþelló er í vægasta falli undarleg og erfið í meðförum, þá sérstaklega þegar leikgerðin er ekki sterkari. Hann reiðir sig um of á reiði og heift Óþellós og erfitt er að finna samúð með örlögum hans. Að Ingvar sverti andlit sitt á einum tímapunkti sýningarinnar er daður við einstaklega ógeðfellda leikhúshefð. Smekkleysið er afskrifað með bókstaflegum klósetthúmor þegar titilpersóna verksins hoppar á bólakaf ofan í kamar og klifrar síðan þaðan alsaurugur og svartur. Hvítþvottur Óþellós er vond hugmynd en þessi ákvörðun er enn þá verri. Óþelló fjallar nefnilega ekki eingöngu um afbrýðisemi heldur líka kynþáttahatur, stofnanaofbeldi og karlpungahátt.

Jagó er hér leikinn af konu, þó alls ekki í fyrsta skipti í sögunni, en Nína Dögg Filippusdóttir tekst hér á við eitt af flóknustu hlutverkum Shakespeares. Jagó er óræð persóna sem gerir hana bæði hættulega og spennandi. Aftur á móti leikur Nína Jagó eins og hún sé með öll tromp á hendi frá byrjun, sem gerir lævísi hennar þreytandi frekar en lokkandi.

Nýliðinn Aldís Amah Hamilton fær það gríðarstóra verkefni að leika Desdemónu í sínu fyrsta stóra hlutverki í Þjóðleikhúsinu. Í heildina stendur hún sig með ágætum þrátt fyrir sýnilegt óöryggi á köflum en hlutverkið hefur verið minnkað töluvert. Annar tiltölulega nýútskrifaður leikari, Arnmundur Ernst Backman, leikur hinn unga Kassíó og gefur honum viðkvæmar víddir. Áhorfendur geta bundið framtíðarvonir við þau bæði.

Ólafur Egill Egilsson, Guðjón Davíð Karlsson og Björn Hlynur Haraldsson líða allir fyrir styttingar á handritinu og kómíska nálgun á karakterum á kostnað dramatískrar dýptar. Á endanum verður þátttaka þeirra í framvindunni frekar þýðingarlítil en Björn Hlynur á sterkustu senuna af þeim þremur þegar Barbantínó, faðir Desdemónu, þrumar yfir hópnum.

Börkur Jónsson hannar leikmyndina en hans vinna hefur oft verið töluvert betri. Plasttjöld umlykja sviðið allt og salinn sjálfan en stálkassar á hjólum, líka umluktir plasti, eiga að skapa fókus á fjölunum. Sunneva Ása Weisshapel sér um búningana en líkt og sviðshönnunin þá taka þeir kraft úr verkinu frekar en undirstrika áherslur. Lífsneisti sviðsetningarinnar er ljósahönnun Halldórs Arnar Óskarssonar sem færir allavega einhvern lit og sjónræna spennu inn í þennan grámyglulega plastgeim. Einnig er tónlist Borko og hljóðmynd sem hann gerir í samvinnu við Kristján Sigmund Einarsson góð.

Afbygging og nýjar nálganir á verkum Williams Shakespeare eru nauðsynlegar til að rannsaka áður ókannaða fleti á sögum þessa mikla meistara. Tilraunir eru nauðsynlegar íslenskum sviðslistum. En þær verða að vera meira en hugaðar og nýstárlegar, þær verða líka að vera vel ígrundaðar og úthugsaðar.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Óþelló á algjörum villigötum.







## Er Stella Blómkvist fundin?

**BÆKUR**

**Verjandinn**

★★☆☆☆

**Óskar Magnússon**

**JPV útgáfa 2016**
**347 bls.**

Verjandinn er fyrsta sakamálasaga Óskars Magnússonar og hann hefur verið kynntur til leiks sem hinn íslenski John Grisham á þeim forsendum að hluti atburðarásarinnar fer fram í dómsal. Rétt er þó að vara Grisham-aðdáendur við því að þau líkindi ná ekki mikið lengra, því miður. Sagan í Verjandanum hverfist um meint barnsrán þegar bandarískur faðir gerir tilraun til að sækja dóttur sem hann á með íslenskri konu sem flúið hefur með barnið til Íslands. Hann ræður fagmann í verkið, fyrrverandi sérsveitarmann í bandaríska hernum sem stofnað hefur fyrirtæki til að hjálpa fólki við ýmsa vafasama verknaði. Sá hefur mikinn viðbúnað við að tæla barnsmóðurina á sitt band og er öll sú saga hin æsilegasta. Gallinn er hins vegar sá að í þeim hluta Verjandans er fylgt út í æsar framvindu máls sem kom upp á Íslandi árið 1993, nöfnum þátttakanda í því máli breytt eins lítið og mögulegt er og atburðarás þess máls rakin lið fyrir lið, nákvæmlega upp úr dómskjölum. Óskar hefur varið þessa úrvinnslu með því að hér sé um skáldsögu að ræða, en skáldskapurinn er vissulega í lágmarki í þeim hluta Verjandans. Þegar vitað er að Óskar sjálfur var verjandi í fyrrnefndu barnsránsmáli hljóta að vakna spurningar um hvort þessi aðferð geti talist siðleg, hvað sem öllum skáldskaparfyrirslætti líður.

Sagan bregður vissulega út af fyrrnefndu plotti þegar á líður og til tíðinda dregur, vitni eru myrt, ráðist á verjandann í dómsal o.s.frv., svo skáldskapurinn tekur völdin smátt og smátt. Gallinn er sá að um leið og brugðið er út af þessari sönnu sögu fer framvindan út í móa og lesandinn hættir að trúa á persónurnar sem eru raunar flestar staðalmyndir án mikilla persónueinkenna; vondi stjúpinn sem þekkir menn á réttum stöðum, lausláta, drykkfellda, dópaða móðirin, móðir hennar sem er hin stillta íslenska alþýðukona og svo mætti áfram telja. Það er kannski ekki skrýtið að menn þurfi að grípa til raunverulegra atburða til að búa til sögur ef færnin í spennuuppbyggingu og persónusköpun er ekki meiri en þetta.




Í forgrunni er verjandinn sem bókin dregur nafn sitt af, Stefán Bjarnason, en sú persóna er heldur ekki skýrum dráttum dregin, enda snýst sagan af honum mest um kvennafar með aðskiljanlegustu konum og færnin sem málafærslumaður er greinilega algjört aukaatriði. Öll sú saga og ekki síður málfarið og kauðskur kallahúmorinn minna sterklega á sögurnar um Stellu Blómkvist og óneitanlega vaknar sú spurning hvort Óskar sé höfundur þeirra bóka líka. Það skyldi þó aldrei vera.

Óskar hefur sagt í viðtölum að hann hafi lagst í miklar stúderingar á bókum Grishams og Michaels Connelly við samningu Verjandans, en ekki virðast þær stúderingar hafa skilað miklu og vonandi lærir hann betur af þeim fyrir næstu bók. Þessi blanda af íslenskri kallafyndni, blautum draumum og fyrirsjáanlegum persónum er ekki það sem hefur skotið þeim félögum upp á stjörnuhimininn.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Óspennandi spennusaga sem sækir meira í bækurnar um íslenska fyndni en amerískar spennusögur sem sagðar eru fyrirmyndin.

JÓLATÓNLISTARHÁTÍÐ HALLGRÍMSKIRKJU 2016

## J.S. BACH

# JÓLAÓRATÓRÍAN

## I-III BWV 248



## 29. DESEMBER FIMMTUDAGUR KL. 20 - 30. DESEMBER FÖSTUDAGUR KL. 17






Eitt dáðasta jólaverk allra tíma flutt á hátíðartónleikum í tilefni af 20 ára afmæli Schola cantorum (1996 - 2016). Þrír einsöngvaranna eru meðlimir kórsins en með hlutverk guðspjallamannsins fer Benedikt Kristjánsson, sem nú er eftirsóttur á þessu sviði um allan heim.

Flytjendur: **Schola cantorum og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju.**

Einsöngvarar: **Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir sópran, Hildigunnur Einarsdóttir alt, Benedikt Kristjánsson tenór og Fjölnir Ólafsson bassi.**

Stjórnandi er **Hörður Áskelsson.**

Miðaverð: 9.500 kr. (úrvalssæti), 6.500 kr. (almenn sæti), 50% afsláttur af lægra verði fyrir nemendur, öryrkja og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrimskirkju (áður Den Haag) er skipuð afburðahljóðfæraleikurum sem flestir hafa stundað nám við konunglega tónlistarháskólann í Haag. Barokksveitin hefur margsinnis komið hingað til lands á undanförnum árum og flutt stórvirki barokktímans með kórum Hallgrímskirkju og hefur jafnan hlotið ríkulegt lof gagnrýnenda og áheyrenda fyrir leik sinn. Konsertmeistari er Tuomo Suni fiðluleikari frá Finnlandi.

Schola cantorum, sem í ár fagnar 20 ára afmæli sínu, hefur frá upphafi hlotið mikla athygli fyrir fágaðan og tæran söng sinn. Kórinn hefur hlotið ýmsar viðurkenningar og unnið til verðlauna í erlendum keppnum og komið fram á tónleikum og tónlistarhátíðum víða um Evrópu og í Japan. Ný geislaplata kórsins MEDITATIO, gefin út af BIS í Svíþjóð, hefur hlotið frábærar viðtökur og hástemmt lof hjá erlendum gagnrýnendum. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelsson.




# HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT



Trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson, Eggert Pálsson pákuleikari og Björn St. Sólbergsson leika hátíðarverk eftir J.S. Bach, Albinoni, o fl. barokkmeistara.

Einir vinsælustu tónleikar ársins, þ.s. hátíðarhljómar þeirra félaga koma öllum í áramótaskapið!

Miðaverð 3.900 kr. 50% afsláttur fyrir nemendur, öryrkja og félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

## 31. DESEMBER GAMLÁRSDAGUR KL. 16.30

(ATH BREYTTAN TÍMA)

Reykjavikurborg

Gunnar Eggertsson

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

ROOM WITH A VIEW

Miðasala er í Hallgrímskirkju s. 510 1000 og á TIX.IS.
LISTVINAFELAG.IS - SCHOLACANTORUM.IS

# OLW snakk




Kartöfluflögur
199 kr/stk
verð fyrir tollalækkun 299

Tökum forskot á sæluna og lækkum verð vegna afnáms tolla þann 1. janúar

Waffle flögur
249 kr/stk
verð fyrir tollalækkun 399

Saltstangir
179 kr/stk



**Fumgali**
Lífræn ítölsk hráskinka beint frá Ítalíu.




**Flintstones drykkir**
Óáfengir freyðidrykkir.




**Labeyrie**
Franskar makkarónur, tilvaldar á veisluborðið.



**Häagen-Dazs**
Hver er þinn uppáhalds?



**Fentimans Tonic**
Drykkir unnir eftir aldargamalli aðferð án allra aukefna.



**Chosen foods**
Hágæða olíur sem henta í alla matargerð.

## Atlanta Cheesecake

kíktu á úrvalið!





**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

# HIÐ EINA SANNA




## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarinn áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




## Hagkaups fylltar kalkúnabringur

4 tegundir af kalkúnabringum

- Beikon
- Trönuberja
- Döðlu
- Amerísk




## Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr nýju hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðamaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.

# EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL










HAGKAUP
Skemmtilegast að versla















Carrie Fisher ásamt hundinum sínum, Gary Fisher, fyrr á árinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Sterk fyrirmynd í fjörutíu ár

**Leikkonan Carrie Fisher lést á þriðjudaginn. Hún er frægust fyrir að leika Leiu prinsessu í Star Wars-myndunum. Leia prinsessa hefur verið fyrirmynd í bráðum fjörutíu ár. Carrie var líka opinská um geðræn vandamál sín og vímuefnafíkn.**

Carrie Fisher var hetja í augum ansi margra aðdáenda sinna enda er Leia prinsessa einn af þessum karakterum sem eru löngu orðnir íkonískir og Carrie sjálf algjörlega samgróin persónunni – það er erfitt að sjá fyrir sér nokkra aðra manneskju í hlutverki Leiu. Hún var og er ein besta kvenhetjan í kvikmyndasögunni, töffari með persónuleika sem því miður virðist enn vera sjaldgæft í karllægum heimi kvikmyndanna nú, einum fjórutíu árum síðar. En Carrie sjálf var líka merkileg kvenhetja og barðist við persónulega djöfla sem því miður virðast hafa dregið hana til dauða.



Leia prinsessa er ein þekktasta kvenhetja kvikmyndasögunnar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Leia prinsessa var fyrsta stóra hlutverk Carrie Fisher, en áður hafði hún leikið í Shampoo, gamanmynd með Warren Beatty, Goldie Hawn og fleirum. Þar var hún í litlu hlutverki og myndin fékk ekkert sérstaklega góða dóma hjá gagnrýnendum. Nokkru síðar fékk hún í hendurnar handrit sem henni leist ansi vel á en bjóst ekki við að yrði neitt sérstaklega vinsælt, enda vísindaskáldskapur og hann er ekki alltaf allra. Þetta reyndist vera handritið að A New Hope, fyrstu Star Wars-myndinni, og það þarf ekkert að fjölyrða um það hvernig sú mynd gekk.



Carrie gaf út bókina Postcards from the Edge árið 1987, hún seldist afar vel og var síðar kvikmynduð. Þar segir hún meðal annars frá glímu sinni við geðræn vandamál og eiturlyfjafíkn, en fíknin átti eftir að fylgja henni alla ævi. Hún hafði til að mynda tekið of stóran skammt tveimur árum áður en bókin kom út og var auk þess búin að nota kókaín í mörg ár á þeim tíma er hún gaf Postcards from the Edge út. Bókin er ekki eiginleg ævisaga, heldur eins konar satíra þar sem hún gantast með eigin vandamál, en Carrie Fisher var alla tíð mikill grínisti og spaugaði oft með fíknivanda sinn sem og geðsjúkdóma – án þess þó að gera lítið úr baráttunni.

Síðustu ár ævi sinnar talaði Carrie mikið um fíkn sína og geðræn vandamál og áhrif þessara sjúkdóma á líf sitt. Hún var í ár verðlaunuð af Harvard fyrir starf sitt og sérstaklega fyrir það hve opinská hún hefur verið um vandamál sín en það hjálpar til við að draga umræðu um fíknisjúkdóma upp á yfirborðið og gera vandamálið minna tabú. Carrie Fisher lést úr hjartaáfalli og áralöng kókaínfíkn leikkonunnar hefur líklega átt þar hlut að máli – á árinu létust líka tónlistarmennirnir Prince og George Michael, en einnig má rekja dauða þeirra til eiturlyfjaneyslu.

Carrie Fisher kenndi okkur að konur geta líka verið hetjur og ætti líka að hafa kennt okkur að fíkn er sjúkdómur sem dregur fjölda fólks til dauða á hverju ári og alls ekki eitthvað sem ætti að líta á eins og smánarblett á persónu fólks, það gæti haldið áfram að kosta dýrmæt mannslíf. Opinská umræða getur bjargað svo mörgum.

stefanthor@frettabladid.is


GEGGJUÐ ÁRAMÓTAGLEÐI
DORITOS
169 KR. PK
DORITOS 170 G ALLAR TEGUNDIR
EÐLAN
1 pakki rjómaostur
1 krukka Doritos-sósa
Rifinn ostur
Rjómaostur settur í eldfast mót, Doritos-sósu hellt yfir og rifnum osti stráð yfir. Bakað við 180 gráður þar til ostur er orðinn gullinbrúnn
DORITOS SALSASÓSUR
299 KR. PK
HOT OG MILD - 326 G
LAY´S
249 KR. PK
LAY´S ALLAR TEGUNDIR -175G
PEPSI/PEPSI MAX 4PK
699 KR. PK
MAXI POPP
FYLGIR MEÐ HVERRI KIPPU AF PEPSI 4 PK
7 UP
199 KR. STK
2 LÍTRAR
BRITVIC 200 ML
129 KR. STK
TONIC, GINGER BEER, GINGER ALE, BITTER LEMON OG CRANBERRY JUICE
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Iceland
Jólareikningur Netgíró
Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017
Netgíró
Kynntu þér jólareikning Netgíró á www.netgiro.is
Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald
(ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.




**2**

**NIGHTMARE ON EVEREST**

Heimildarmynd um jarðskjálftann sem skók Nepal árið 2015 og snjóflóð sem féllu í kjölfarið við Everest- fjall. Myndefnið er frá þeim sem staddir voru í fjallinu þegar skjálftinn reið yfir. Hér er sögð saga þeirra sem freistuðu þess að komast á topp Everest þennan örlagaríka dag.

SPENNANDI **FIMMTUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is** **365**

**2**

**MASTERCHEF USA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.





**2**

**LETHAL WEAPON**

Spennandi framhaldsþáttur, byggður á hinum vinsælu Lethal Weapon-myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um tvo lögreglumenn sem eru mjög ólíkir í leik og starfi.





**2**

**CRIMES THAT SHOOK BRITAIN** 1. ÞÁTTUR

Heimildarþáttaröð um glæpi sem skóku Bretland. Í hverjum þætti er farið yfir eitt mál og það skoðað frá öllum hliðum.





**b**

**BEHIND THE CANDELABRA**

Mynd byggð á ævisögu píanósnillingsins Valentino Liberace og fjallar um sex ára ástarsamband hans og Scotts Thorson sem var mun yngri.





**3**

**ANGIE TRIBECA**

Angie Tribeca starfar í sérstakri deild innan lögreglunnar sem sérhæfir sig í sérlega óhugnanlegum sakamálum sem oftar en ekki eru óhefðbundin lögreglumál.





Krakkastöðin

**THE LEGO MOVIE**

Frábær teiknimynd um hinn löghlýðna og glaðlynda verkakubbakall Hemma sem fær það vanþakkláta verkefni að bjarga heiminum.





Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.45** Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Jamie's 30 Minute Meals
**10.00** Brother vs. Brother
**10.45** The Goldbergs
**11.20** Eldhúsið hans Eyþórs
**11.45** Grantchester
**12.35** Nágrannar
**13.00** Julie & Julia
**15.00** Hellisbúinn
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.10** The Big Bang Theory
**19.35** Masterchef USA Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
**20.20** Nightmare on Everest Heimildarmynd um jarðskjálftann sem skók Nepal í apríl 2015 og snjóflóðin og aurskriðurnar sem féllu í kjölfarið við Everest-fjall. Myndefnið er frá þeim sem staddir voru í fjallinu þegar skjálftinn reið yfir. Hér er sögð saga þeirra sem freistuðu þess að komast á topp Everest þennan örlagaríka dag.
**21.10** Lethal Weapon Spennandi framhaldsþáttur sem byggður er á hinum vinsælu Lethal Weapons-myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi, annar varkár og fer með gát að öllu en hinn lifir lífinu á ystu nöf, ná að vinna saman með einstökum árangri.
**21.55** Crimes That Shook Britain
**22.40** Ender's Game Kvikmynd frá árinu 2013 þar sem Harrison Ford fer meðal annars með hlutverk. Myndin fjallar um Ender Wiggin sem er ungur drengur sem er gæddur óvenjulegum hæfileikum.
**00.30** Banshee
**01.20** Banshee
**02.10** Person of Interest
**02.55** Straight Outta Compton

## STÖÐ 2 SPORT

**07.40** Newcastle - Sheffield Wednesday
**09.30** Derby County - Birmingham
**11.10** Football League Show
**11.40** Premier League Review
**12.35** Liverpool - Stoke
**14.15** Man. Utd. - Sunderland
**16.00** Southampton - Tottenham
**17.40** Messan
**19.10** Premier League World
**19.40** Aston Villa - Leeds United
**21.45** NFL Gameday
**22.15** Detroit - Golden State
**00.05** Premier League World
**00.35** NFL Gameday

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Messan
**08.30** Southampton - Tottenham
**10.10** Chelsea - Bournemouth
**11.55** Hull City - Man. City
**13.40** Watford - Crystal Palace
**15.25** Swansea - West Ham
**17.10** Leicester - Everton
**18.55** NBA Specials
**19.20** Golden State - Cleveland
**22.05** Burnley - Middlesbrough
**23.50** Arsenal - WBA
**01.35** Aston Villa - Leeds United

## STÖÐ 3

**17.20** Cristela
**17.45** Mike and Molly
**18.05** The New Girl
**18.30** Modern Family
**18.55** Tekinn
**19.20** Veistu hver ég var?
**20.15** My Monkey Baby
**21.10** Angie Tribeca
**21.35** Vicious
**22.00** Klovn
**22.30** Game of Thrones
**23.30** The New Adventures of Old Christine
**23.50** Gilmore Girls
**00.35** Tekinn
**01.00** Veistu hver ég var?
**01.50** My Monkey Baby
**02.40** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Víkingurinn Viggó
**07.13** Strumparnir
**07.35** Kormákur
**07.47** Mæja býfluga
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Stóri og Litli
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Víkingurinn Viggó
**11.11** Strumparnir
**11.33** Kormákur
**11.45** Mæja býfluga
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.36** Stóri og Litli
**14.48** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Víkingurinn Viggó
**15.11** Strumparnir
**15.33** Kormákur
**15.45** Mæja býfluga
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.36** Stóri og Litli
**18.48** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** The Lego Movie



Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Safeway Open
**12.10** PGA Tour 2016 - Highlights
**13.05** CME Group Tour Championship
**16.05** CIMB Classic
**19.15** PGA Tour 2016 – Highlights
**20.10** 2016 PGA TOUR Champions Year in Review
**21.05** Turkish Airlines Open

## BÍÓSTÖÐIN

**10.45** The Golden Compass
**12.40** Collaborator
**14.10** Jersey Boys
**16.25** The Golden Compass
**18.20** Collaborator Dramatísk bíómynd frá árinu 2011 sem fjallar um leikritaskáldið Robert Longfellow, en hann er í sárum þar sem ferill hans og ástarsamband er á niðurleið. Robert leitar á æskustöðvar sínar og hittir þar fyrrverandi nágranna sinn og þeir rifja upp gamla tíma, en þessir endurfundir eiga heldur betur eftir að snúast upp í andhverfu.
**19.50** Jersey Boys Myndin segir frá stofnun, uppgangi og endalokum rokkgrúppunnar The Four Seasons á sjöunda áratug síðustu aldar. Hljómsveitin sló í gegn með frábærri tónlist sem enn lifir góðu lífi en heimsfrægðin var meðlimum ljúfsár.
**22.00** Behind the Candelabra Stórbrotin mynd með Michael Douglas og Matt Damon í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á ævisögu píanósnillingsins Valentino Liberace og fjallar um 6 ára ástarsamband hans og Scotts Thorson sem var miklu yngri en hann.
**00.00** Kalifornia
**02.00** Kill Your Darlings
**03.45** Behind the Candelabra

## RÚV

**08.00** KrakkaRÚV
**08.01** Ofur Groddi
**08.06** Froskur og vinir hans
**08.15** Veistu hvað ég elska þig mikið
**08.26** Vinabær Danna Tígurs
**08.39** Ólivía
**08.50** Dóta læknir
**09.12** Hvolpasveitin
**09.35** Sara og önd
**09.42** Litli prinsinn
**10.05** Alvinn og íkornarnir
**10.17** Stundarkorn - Bangsímon
**10.30** Tooth Fairy
**12.10** Atlantshaf – ólgandi úthaf
**13.05** Jól með Price og Blomsterberg
**13.35** Laus við sorp
**14.05** Áfram, konur!
**14.35** Fierce Creatures
**16.10** Vegbúar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Jólastundin okkar
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Íþróttamaður ársins 2016
**20.50** Fröken Frímann fer í stríð
**21.55** Roots
**23.40** The Hundred-Foot Journey
**01.40** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.20** The Grinder
**08.45** Grandfathered
**09.05** Life in Pieces
**09.30** The Muppets
**09.50** Parks & Recreation
**10.15** 30 Rock
**10.40** Minute to Win It Ísland
**11.30** Læknirinn í eldhúsinu
**12.00** The Voice Ísland
**13.30** This is Us
**14.15** Ísland – Austurríki
**16.20** Undercover Bridesmaid
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** The Odd Couple
**20.15** Man With a Plan
**20.35** The Holiday
**22.55** Waiting...

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Vodafone styður Landsbjörg
Við erum stoltur styrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Í björgunarsveitunum eru þúsundir sjálfboðaliða sem ávallt eru til taks og bregðast skjótt við þeim hættum sem steðja að landsmönnum, oftar en ekki við erfiðar aðstæður.
Við hvetjum landsmenn til að styðja við bakið á björgunarsveitunum
Vodafone
Við tengjum þig

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON
## VIKAN 21.12.16 – 27.12.16



**1** Aflausn
Yrsa Sigurðardóttir



**2** Petsamo
Arnaldur Indriðason



**3** Ör
Auður Ava Ólafsdóttir



**4** Svarti galdur
Stefán Máni



**5** Heiða
Steinunn Sigurðardóttir



**6** Tvísaga
Ásdís Halla Bragadóttir



**7** Drungi
Ragnar Jónasson



**8** Stjörnuskoðun
Sævar Helgi Bragason



**9** Þín eigin hrollvekja
Ævar Þór Benediktsson



**10** Svartalogn
Kristín Marja Baldursdóttir

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson






**Hluti af Retro Stefson á æfingu fyrir lokatónleikana, Síðasta séns, sem haldnir verða í Gamla bíói.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fólk skilur ekki af hverju Retro Stefson er að hætta

Á morgun, föstudag, verða lokatónleikar hljómsveitarinnar Retro Stefson haldnir í Gamla bíói en sveitin hefur verið starfandi í rétt tæp 11 ár. **Unnsteinn Manuel Stefánsson**, söngvari sveitarinnar, segir þessa lokatónleika verða svolítið óvenjulega að vissu leyti.

Þetta verða dálítið langir tónleikar náttúrulega, við verðum að spila slatta af eldra stöffi í bland við nýtt,“ segir Unnsteinn Manuel, söngvari Retro Stefson, um síðustu tónleika hljómsveitarinnar.

Aðspurður hvort það fylgi því einhver sorg að Retro Stefson sé að hætta svara Unnsteinn neitandi. „Nei, maður er bara feginn að hætta á meðan það er enn þá gaman að spila. Maður á ekkert að vera að gera neitt of lengi finnst mér, við eigum sko 11 ára afmæli eftir mánuð.“

Unnsteinn segir alla í bandinu hafa verið sammála um að nú væri góður tími til að hætta. „Já, það eru líka allir að gera mismunandi hluti núna. Fólk er í háskólanámi eða komið inn í sitt listalíf,“ segir Unnsteinn um þennan fjölbreytta hóp sem skipar hljómsveitina.

En aðdáendur Retro Stefson eru víst ekki á sama máli. „Fólk skilur þetta ekki. En ég meina, það er náttúrulega erfitt að reka átta manna band. Það var allt öðruvísi þegar maður var kannski nýskriðinn úr menntaskóla. Við vorum mest að túra þegar jafnaldrar okkar voru í heimsreisu eða einhverju þannig. En þetta hefur verið mjög skemmtilegt og þetta er góð reynsla, ég myndi ekki vilja skipta þessu út fyrir neitt annað.“

Viðbrögðin við því að nú sé Retro Stefson að hætta hafa ekki látið á sér standa og miðar á lokatónleikana rokseldust. „Það eru engir miðar eftir. Það er allt uppselt,“ segir Unnsteinn.



**Unnsteinn er ánægður með að sveitin hætti á meðan meðlimir hafa enn gaman af því að spila.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **FÓLK SKILUR ÞETTA EKKI. EN ÉG MEINA, ÞAÐ ER NÁTTÚRULEGA ERFITT AÐ REKA ÁTTA MANNA BAND.**

En nú þegar þetta tímabil er á enda og Unnsteinn rifjar upp eftirminnilega tónleika og minnisstæð atvik tengd Retro Stefson kemur margt upp í huga hans, meðal annars tónleikar á Norðurlandi.

„Við höfum náttúrulega spilað úti um allt. Við höfum spilað í 26 löndum. En það er alltaf mjög gaman að spila á Græna hattinum á Akureyri, það er einstakt. Mér finnst þetta vera einn besti tónleikastaðurinn á landinu, og tónleikagestir eru mættir áður en tónleikarnir byrja, það er alveg einstakt á Íslandi. Ég meina, ef þú ferð á tónleika á Íslandi þá byrja þeir aldrei á réttum tíma því það er alltaf verið að bíða eftir fólki, þeir byrja yfirleitt svona klukkutíma of seint. En á Akureyri er fólk tilbúið að mæta fyrr.“

En hvað er það skemmtilegasta við hljómsveitarlífið með Retro Stefson? „Að fá að ferðast er eitt það skemmtilegasta. Það eru líka forréttindi að fá að ferðast með bestu vinum sínum út um allt. Svo hefur verið gaman að fá tækifæri til að spila á tónleikahátíðum.“

Þess má geta að Retro Stefson sendi frá sér nýja plötu á jólanótt, hún ber heitið Scandinavian Pain og hefur að geyma fjögur lög. Þessa nýju plötu er núna hægt að finna á Spotify og Soundcloud. „Eftir áramót kemur platan svo út með fleiri lögum, bæði á geisladisk og vínylplötu.“ **gudnyhronn@365.is**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

HÚSGAGNA
HÖLLIN

# LOKAÐ

## Í DAG 29. DESEMBER

**Við undirbúum okkar árlegu RISA-ÚTSÖLU sem hefst á morgun 30. desember kl. $10^{00}$**

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

HÚSGAGNA
HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Frosta Logasonar




# Dauðinn árið 2016

Það er eins og óvenju mörg dauðsföll hafa riðið yfir heimsbyggðina á þessu ári sem er að líða. Dauðinn setur fólk sem við þekktum í nýtt samhengi. Meira að segja söngvarinn í Wham! fær á sig nýtt yfirbragð. Á jóladag varð hann allt í einu bara helvíti flottur listamaður. Þó ég hafi aldrei verið aðdáandi tónlistar hans. Maðurinn hafði einhvern klassa sem ég tek eftir fyrst núna þegar loksins er slokknað á honum. Dauðinn er dularfullur og þeir sem mæta honum öðlast nýjan sess í hugum okkar. Hugsanlega vegna þess að við vitum ekki hvað það er sem nákvæmlega gerist.

Trúleysingjar eru, eftir því sem ég best veit, þeir einu sem halda því fram að dauðinn sé fullkomlega endanlegur. Öll trúarbrögð heims eru með einhverjar hugmyndir um annaðhvort eftirlíf eða endurholdgun. Sú hugmynd að eftirlífið sé í sjálfu sér aðalatriðið en dvöl okkar hér í því jarðneska einungis forleikur er nokkuð vinsæl hjá þessum hópum.

Ef trúarbrögðin hafa rétt fyrir sér er ekki ósennilegt að David Bowie, Prince, George Michael og Leonard Choen séu einhvers staðar að raula saman skemmtilegt lag. Það er notaleg tilhugsun. Önnur hugmynd er sú að þeir séu allir að brenna í helvíti vegna saurlifnaðar. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hvorugt sé rétt. Ég trúi því að það sé á okkar ábyrgð að lifa lífinu núna og sjá til þess að sem flest okkar fái að njóta þess. Með því móti uppskerum við eins og við sáum í þessu lífi og orðstír okkar lifir svo áfram inn í eilífðina. Þetta á við um okkur öll. Ekki bara ríka og fræga fólkið. Við ættum að hafa það sem oftast í huga.








